



2020

SKÝRSLA

FJÁRMÁLASTÖÐUGLEIKANEFNDAR TIL ALÞINGIS



SKÝRSLA

FJÁRMÁLASTÖÐUGLEIKANEFNDAR TIL ALÞINGIS 2020

Ítarefni

Með þessari skýrslu fylgir eftirfarandi ítarefni	9
Yfirlýsingar fjármálastöðugleikanefndar frá mars til desember 2020	9
Fundargerðir fjármálastöðugleikanefndar frá mars til desember 2020	14
Minnisblað um sveiflujöfnunarauka frá 18. mars 2020	41
Fréttatilkynning vegna minnkaðs framboðs bundinna innlána til eins mánaðar frá 27. apríl 2020	53
Fréttatilkynning vegna samnings Seðlabanka Íslands við fjármála- og efnahagsráðuneytið um ábyrgð vegna viðbótarlána frá 17. apríl 2020	54
Fréttatilkynning vegna samninga Seðlabanka Íslands við lánastofnanir um veitingu stuðningslána frá 24. júní 2020	55
Fréttatilkynning um sérstakan tímabundinn veðlánaramma vegna stuðningslána frá 28. ágúst 2020	56
Fréttatilkynning um nýja löggjöf um skilameðferð lánastofnana og verðbréfafyrirtækja frá 1. september 2020	57
Fréttatilkynning um gangsetningu á nýju millibankagreiðslukerfi Seðlabanka Íslands frá 27. október 2020	59
Minnisblað um fjármálainnviði frá 10. desember 2020	60
Fréttatilkynning um lengingu á aðlögunartíma lágmarks lausafjárhlutfalls í íslenskum krónum um eitt ár frá 29. desember 2020	62

Skýrsla fjármálastöðugleikanefndar til Alþingis fyrir starfsárið 2020


Skv. 3. mgr. 14. gr. laga um Seðlabanka Íslands gefur fjármálastöðugleikanefnd bankans Alþingi skýrslu um störf sín einu sinni á ári. Gert er ráð fyrir að efni skýrslunnar verði rætt í þeirri þingnefnd sem þingforseti ákveður.

Árið 2020 var fyrsta starfsár fjármálastöðugleikanefndar og fundaði nefndin sex sinnum á árinu. Fjármálastöðugleikanefnd skipa Ásgeir Jónsson seðlabankastjóri, formaður, Gunnar Jakobsson varaseðlabankastjóri fjármálastöðugleika, varaformaður, Rannveig Sigurðardóttir varaseðlabankastjóri peningastefnu, Unnur Gunnarsdóttir varaseðlabankastjóri fjármálaeftirlits, Axel Hall lektor, Bryndís Ásbjarnardóttir hagfræðingur og Guðmundur Kr. Tómasson fyrrverandi framkvæmdastjóri. Ráðuneytisstjóri, eða tilnefndur embættismaður ráðuneytis sem fer með málefni fjármálastöðugleika, á sæti á fundum nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétt en án atkvæðisréttar.

Fjármálastöðugleiki


Meginmarkmið fjármálastöðugleikastefnunnar er að viðhalda fjármálastöðugleika, þ.e. að fjármálakerfið búi yfir viðnámsþrótti til að standast áföll í efnahagslífinu, fjármálakerfinu og á fjármálamörkuðum, geti miðlað lánsfé og greiðslum og dreift áhættu með viðhlítandi hætti. Fjármálastöðugleikanefnd tekur ákvarðanir um beitingu stjórnækja Seðlabanka Íslands varðandi fjármálastöðugleika. Einnig er það verkefni nefndarinnar að leggja mat á ástand og horfur í fjármálakerfinu, kerfisáhættu og fjármálastöðugleika. Nefndin skal fjalla um og skilgreina þær aðgerðir sem taldar eru nauðsynlegar

Mynd 1
Þróun skulda einkageirans á föstu verðlagi¹



1. Skuldir við innlend og erlend fjármálafyrirtæki og útgefin markaðsskuldabréf. Ársbreyting á raunvirði. Opinber hlutafélög eru meðalín fyrirtækjum.
Heimildir: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands.

Mynd 2
Raunverð íbúðarhúsnæðis á höfuðborgarsvæðinu¹



1. Vísitala íbúðaverðs á höfuðborgarsvæðinu, raunvirt með vísitölu neysluverðs. Veltuvísitala sýnir þriggja mánaða hlaupandi meðaltal veltu á föstu verðlagi.
Heimildir: Haestofa Íslands, Seðlabanki Íslands.

á hverjum tíma til að hafa áhrif á fjármálakerfið, í þeim tilgangi að efla og varðveita fjármálastöðugleika, og beina í því skyni ábendingum til viðeigandi stjórnvalda þegar tilefni er til. Nefndin skal einnig ákveða hvaða eftirlitsskyldir aðilar, innviðir og markaðir teljast kerfislega mikilvægir og þess eðlis að starfsemi þeirra geti haft áhrif á fjármálastöðugleika. Í yfirlýsingum og fundargerðum fjármálastöðugleikanefndar, sem fylgja þessari skýrslu, er að finna röksemdir fyrir ákvörðunum nefndarinnar á árinu 2020.

Þróunin á árinu 2020

Efnahagssumsvif ársins 2020 mörkuðust af útbreiðslu COVID-19-farsóttarinnar og viðbrögðum við henni. Vaxtalækkunarir hafa stutt við aðgengi einkageirans að lánsfjármagni, einkum heimila. Hagstæð kjör nýrra fasteignalána hafa ýtt undir ný útlán en einnig endurfjármögnun eldri lána og var tólf mánaða raunvöxtur skulda heimila 4,7% í lok desember 2020 samanborið við 4,3% á sama tíma árið á undan. Viðskiptabankarnir juku hlutdeild sína á íbúðalánamarkaði á árinu en hlutdeild ÍL-sjóðs og lífeyrissjóða dróst saman. Lítil vöxtur var í skuldum fyrirtækja á árinu. Í lok desember var 12 mánaða raunvöxtur skulda fyrirtækja 0,4% en gengis- og verðlagsleiðréttur skuldavöxtur var -1,0%. Erlendar skuldir fyrirtækja jukust á árinu en skuldir við innlend fjármála-fyrirtæki drógust saman. Í lok árs 2019 var raunvöxturinn -2,7% en gengis- og verðlagsleiðrétt mældist vöxturinn -2,6%.

Viðbrögð Seðlabankans og stjórnvalda við farsóttinni hafa stutt við eignamarkaði. Þannig hækkaði úrvalsvisitala Kauphallarinnar um 20,5% á árinu 2020. Þrátt fyrir lækkun vaxta og aukna veltu á íbúðamarkaði voru verðhækkunarir hóflegar. Verðvisitala íbúðaverðs hækkaði um 4% að raunvirði á árinu en um 0,3% árið 2019. Hins vegar lækkaði verð á atvinnuhúsnæði en verðvisitala atvinnuhúsnæðis á höfuðborgarsvæðinu hafði lækkað um 4,2% að raunvirði í lok árs samanborið við 1,9% lækkun á árinu 2019. Velta dróst lítillega saman að raunvirði.


Stóru kerfislega mikilvægu viðskiptabankarnir þrír voru allir reknir með hagnaði á síðasta ári og var arðsemi þeirra að meðaltali 4,8% samanborið við 4,5% arðsemi á árinu 2019. Vaxtamunur heildareigna minnkaði nokkuð enda lækkuðu megininvestir Seðlabankans verulega. Þannig þrengdi nokkuð að vaxtamun bankanna, einkum vegna þess að vextir á óbundnum innlánnum nálgudust núll og svigrúm bankanna til að draga úr fjármagnskostnaði var því takmarkað. Efnahagsaðstæður lituðu þó uppgjör bankanna og var virðisbreyting útlána neikvæð um tæpa 26 ma.kr. (0,83% af útlánunum), samanborið við tæpa 9 ma.kr. árið 2019 (0,31% af útlán-

um). Bankarnir veittu tímabundið greiðsluhlé á útlánunum vegna farsóttarinnar og var hlutfall útlána til fyrirtækja í greiðsluhléi hæst 17,6% í ágúst en sambærilegt hlutfall fyrir einstaklinga varð hæst 9% í maí. Vanefndir bankanna jukust verulega þegar tímabil greiðsluhléa var á enda þar sem tæplega helmingur útlána sem áður voru í greiðsluhléi fór í frystingu. Í lok desember námu vanefndir 2,9% af heildarútlánunum einstaklinga samanborið við 2,1% í lok árs 2019. Hjá fyrirtækjum hefur hlutfallið hækkað úr 4,8% í lok árs 2019 í 18% í desember.¹ Sterk eiginfjárstaða bankanna veitir þeim svigrúm til að mæta útlánatapi vegna afleiðingar farsóttarinnar.

1 Hér er miðað við vanskil skv. lánþegaaðferð, en þá eru eftirstöðvar allra útlána viðskiptavinar talin í vanefndum ef eitt lán er komið í 90 daga vanskil, í frystingu eða lántaki metinn ólíklegur til að standa við skuldbindingar sínar.

Mynd 3


Raunverð¹ og -velta² atvinnuhúsnæðis á höfuðborgarsvæðinu



1. Verðvisitala raunvirt með VNV. Visitalan byggist á vegnu meðaltali iðnaðar-, verslunar- og skrifstofuhúsnæðis. 2. Veltuvísitala miðast við meðaltali veltu síðustu fjögurra ársfjórðunga, raunvirtrar með VNV. Nýjustu gildi eru til bráðabirgða.
Heimildir: Hagstofa Íslands, Þjóðskrár Íslands, Seðlabanki Íslands.

Mynd 4

KMB: Laust fé umfram lágmarkskröfur¹



1. Móðurfélag kerfislega mikilvægra banka. LCR-lágmark skv. reglum Seðlabankans er 100% og innri viðmið bankanna eru 120%.
Heimild: Seðlabanki Íslands.

Lausafjárstaða bankanna er sterk og vel umfram lágmark Seðlabanka Íslands og innri viðmið bankanna sjálfra. Laust fé umfram lausafjárkröfur jókst um 65 ma.kr. á árinu 2020. Bankarnir færðu hluta af lausu fé í krónum úr bundnum innlánnum hjá Seðlabankanum yfir í ríkisskuldabréf þegar Seðlabankinn dró úr og síðar hætti að bjóða bundin innlán til eins mánaðar.

Markaðsfjármögnun bankanna í krónum var að mestu takmörkuð við sértryggð skuldabréf en ný íbúðalán bankanna voru þó langt umfram þá útgáfu á árinu 2020. Vaxtaálag á erlendar útgáfur bankanna nær þrefaldaðist í lok febrúar og í byrjun mars á síðasta ári samfara útbreiðslu farsóttarinnar í Evrópu. Álagið lækkaði á ný er leið á sumarið og var í lok ágúst svipað og fyrir útbreiðslu farsóttarinnar. Á seinni hluta ársins nýttu allir bankarnir gott aðgengi að erlendum lánsfjármörkuðum á hagstæðum kjörum til endurfjármögnunar.

Í lok ársins virtist fjármálasveiflan að mestu hafa staðnað. Skuldaveifla einkageirans var enn í upptakti bæði vegna aukinna skulda en einnig vegna samdráttar landsframleiðslu. Á móti höfðu húsnæðis- og fjármögnunarsveiflurnar staðnað eða jafnvel lækkað eilítið. Vísendingar voru þó um upptakt á næstu misserum í húsnæðis- og fjármögnunarsveiflunum.

Miðlun fjármagns í fjármálakerfinu er háð virkni fjármálainnviða. Aukin áhersla á upplýsingakerfi og netöryggi hefur á síðustu árum beint sjónum að mikilvægi fjármálainnviða. Fjármálainnviðir samanstanda af fjölmörgum ólíkum kerfum. Virkni þeirra er í einhverjum tilvikum sjálfstæð en í öðrum tilvikum vinna kerfin saman. Þrátt fyrir mikla heimavinnu starfsfólks vegna farsóttarinnar, lokanir útibúa og aðrar þrengingar af völdum sóttvarna urðu engar teljandi truflanir á lánsfjár- og greiðslumiðlun á síðasta ári. Viðskiptabankarnir hafa á síðustu árum ráðist í viðamikla endurnýjun á greiðslu- og uppgjörskerfum og á síðasta ári var nýtt millibanka-greiðslukerfi Seðlabankans tekið í notkun. Endurnýjun fjármálainnviða felur tímabundið í sér aukna rekstrar-áhættu en er nauðsynlegt skref til að tryggja skilvirkni og auka hagkvæmni til lengri tíma litið.


Með lögum um skilameðferð lánastofnana og verðbréfafyrirtækja, nr. 70/2020, var Seðlabankanum fengið skilavald (e. resolution authority). Í því felst heimild til að taka ákvarðanir um skilameðferð og beitingu skilaurræða hjá fjármálafyrirtæki sem ekki getur eða mun ekki geta staðið við skuldbindingar sínar. Markmið laganna er að varðveita fjármálastöðugleika og lágmarka neikvæðar afleiðingar fjármálaáfalla með því að vernda tryggðar innstæður og fjárfesta, eignir viðskiptavina og nauðsynlega starfsemi fyrirtækja og lágmarka hættu á að veita þurfi fjárframlög eða tryggingar úr ríkissjóði.

Ákvarðanir nefndarinnar árið 2020

Fjármálastöðugleikanefnd ákvað á fundi sínum um miðjan mars að aflétta kröfu um 2% sveiflujöfnunarauka á fjármálafyrirtæki og gaf jafnframt framvirka leiðsögn um að nefndin myndi ekki hækka kröfuna á næstu 12 mánuðum. Þá höfðu horfur um efnahagsumsvif versnað til muna vegna útbreiðslu COVID-19-farsóttarinnar. Í yfirlýsingu nefndarinnar kom fram að mikilvægt væri að draga úr neikvæðum áhrifum af auknum vanskilum og virðisrýrnun á miðlun lánsfjármagns. Aflétting kröfu um sveiflujöfnunarauka var fyrirbyggjandi aðgerð til að auðvelda fjármálafyrirtækjum að styðja við heimili og fyrirtæki í fyrirsjáanlegum fjárhagserfiðleikum í kjölfar farsóttarinnar og samhliða skapa svigrúm til nýrra útlána.

Mynd 5

KMB: Vaxtaálag á völdum skráðum erlendum skuldabréfum í evrum¹




1. Kerfislega mikilvægir bankar. Vaxtaálag á viðmiðunarkúrfu skuldabréfa í evrum. Viðmiðunarkúrfan er samsett úr ríkisskuldabréfum Evrulanda auk skuldabréfa sveitarfélaga með láns hæfismatið AAA í Evrúndum.

Heimild: Seðlabanki Íslands.

Mynd 6

Fjármálasveifla og undirþættir hennar¹



1. Fjármálasveiflan, bláa línan, er einfalt meðaltal undirþáttanna. Hver undirþáttur er einfalt meðaltal sveifluþátta úr breytum sem tengjast skuldum, húsnæðisverði og fjármögnun banka. Sveifluþættirnir eru fundnir með Christiano-Fitzgerald-tíðnisu með tíðnisviðið 8-30 ár.

Heimildir: Hagstofa Íslands, Þjóðskrá Íslands, Seðlabanki Íslands.

Sveiflujöfnunaraukanum var haldið óbreyttum á fundum nefndarinnar í júní, september og desember.

Samkvæmt lögum skal endurskoða gildi sveiflujöfnunaraukans ársfjórðungslega og hefur hann því sérstöðu meðal eiginfjárfrafna. Aukanum er ætlað að mæta sveiflutengdri kerfisáhættu. Með því að hækka sveiflujöfnunaraukann samhliða upptakti fjármálasveiflunnar eins og gert hafði verið á árunum 2016 – 2020 hafði verið skapað svigrúm til að lækka kröfuna til að fyrirbyggja neikvæða keðjuverkun milli lánsframboðs, efnahagssumsvifa og eignaverðs.

Nefndin hélt öðrum eiginfjárkröfum óbreyttum á árinu. Á fundi nefndarinnar í lok mars var lokið endurmati á eiginfjárukum vegna kerfisáhættu og kerfislegs mikilvægis. Ákvað nefndin að eiginfjáruki vegna kerfisáhættu yrði áfram 3% af innlendum áhættuskuldbindingum þeirra fjármálafyrirtækja sem hafa heimild til móttöku innlána. Nefndin staðfesti einnig áfram kerfislegt mikilvægi Arion banka, Íslandsbanka og Landsbankans, í samræmi við aðferðafræði Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar. Eiginfjáruka vegna kerfislegs mikilvægis var haldið óbreyttum í 2% á allar áhættuskuldbindingar kerfislega mikilvægra fjármálafyrirtæka. Að mati nefndarinnar hafði sú áhætta sem bundið er fyrir með framangreindum eiginfjárkröfum lítið breyst, enda

er um að ræða áhættu sem breytist hægt yfir tíma.

Fjármálastöðugleikanefnd ákvað á fundi sínum í desember sl. að nýtt millibankakerfi Seðlabankans og verðbréfauppgjörskerfi Nasdaq CSD SE, útibús á Íslandi, skuli teljast kerfislega mikilvægir innviðir í skilningi d-liðar 13. gr. laga nr. 92/2019, um Seðlabanka Íslands.

Seðlabankinn beitti margþættum öðrum aðgerðum til að styðja við og tryggja fjármálafyrirtækjum nægt aðgengi að lausu fé á árinu 2020. Í mars var ákveðið að lækka meðaltalsbindiskyldu innlánsstofnana úr 1% niður í 0%. Jafnframt var meðferð á 1% fastri bindiskyldu breytt og heimilað að telja innlán bindiskyldra aðila á föstum bindireikningum í Seðlabankanum með lausafjárforða. Í byrjun apríl var ákveðið að koma á fót sérstakri og tímabundinni lánaþyrngreiðslu í formi veðlána til lánastofnana. Jafnframt var ákveðið í júní að útfæra sérstakan tímabundinn veðlánaramma stuðningslána á sömu kjörum og eru á sjö daga bundnum innlánum hjá Seðlabankanum á hverjum tíma. Í desember var síðan ákveðið að lengja aðlögunartíma hækkunar lágmarks lausafjárlutfalls lánastofnana í íslenskum krónum og mun það haldast óbreytt á árinu 2021. Að mati fjármálastöðugleikanefndar var talið mikilvægt að tryggja að lausafjárstaða stóru kerfislega mikilvægu viðskiptabankanna væri áfram rúm.

Fyrir hönd fjármálastöðugleikanefndar Seðlabanka Íslands,



Ásgeir Jónsson

seðlabankastjóri og formaður fjármálastöðugleikanefndar

Yfirlýsing fjármálastöðugleikanefndar 18. mars 2020

Fjármálastöðugleikanefnd Seðlabanka Íslands hefur ákveðið að aflétta 2% kröfu um sveiflujöfnunarauka á fjármálafyrirtæki og verður hann því 0%. Reglur þessa efnis hafa verið samþykktar og taka gildi eftir birtingu í Stjórnartíðindum. Nefndin mun ekki hækka sveiflujöfnunaraukann á næstu 12 mánuðum og verður hann því óbreyttur samkvæmt þeim reglum sem um hann gilda í a.m.k. tvö ár, fram á fyrsta ársfjórðung 2022.

Útbreiðsla COVID-19 veirunnar hefur haft mikil áhrif á samfélög, leitt til minnkandi efnahagssumsvifa og versnandi fjármálaskilyrða víða um heim. Óvissa ríkir um hversu mikil áhrifin verða og hversu lengi þau munu vara en ljóst er að efnahagshorfur á Íslandi hafa versnað til muna, a.m.k. til skamms tíma.

Eiginfjárstaða íslensku bankanna er sterk og vel umfram núverandi kröfur Seðlabankans. Bankakerfið er vel í stakk búið til að bregðast við áföllum. Mikilvægt er þó að draga úr neikvæðum áhrifum af auknum vanskilum og virðisrýrnun á miðlun lánsfjármagns. Aflétting kröfu um sveiflujöfnunarauka mun auðvelda bankakerfinu að styðja við heimili og fyrirtæki með því að skapa svigrúm til nýrra útlána sem nemur að öðru óbreyttu allt að 350 ma.kr. eða um 12,5% af núverandi útlánasafni.

Meginmarkmið sveiflujöfnunaraukans er að styrkja viðnámsþrótt fjármálafyrirtækja gagnvart sveiflutengdri áhættu, styrkja miðlun lánsfjármagns á samdráttartímum og milda þannig áhrif fjármála-sveiflna á raunhagkerfið. Á síðustu árum hefur aukinn verið byggður upp með þau varúðarsjónarmið að leiðarljósi.

Fjármálastöðugleikanefnd brýnir fyrir fjármálafyrirtækjum að þau taki tillit til þeirrar miklu óvissu sem uppi er í þjóðarbúskapnum við ákvörðun um útgreiðslu arðs og endurkaup á eigin hlutabréfum á komandi misserum. Nefndin ætlar til þess að það svigrúm sem lækkun sveiflujöfnunaraukans skapar verði notað til að styðja við heimili og fyrirtæki. Fylgst verður vel með viðbrögðum bankakerfisins, stöðu heimila og fyrirtækja, og þeim fjármálalegu skilyrðum sem þeim eru búin á næstu misserum. Nefndin er reiðubúin að beita þeim tækjum sem hún hefur yfir að ráða til að varðveita fjármálastöðugleika hér á landi.

Yfirlýsing fjármálastöðugleikanefndar

8. apríl 2020

Fjármálastöðugleikanefnd Seðlabanka Íslands hefur lokið endurmati á eiginfjárukum vegna kerfisáhættu og kerfislegs mikilvægis. Niðurstaða nefndarinnar er sú að báðum aukunum verði haldið óbreyttum. Eiginfjáruki vegna kerfisáhættu verði áfram 3% vegna innlendra áhættuskuldbindinga þeirra fjármálafyrirtækja sem hafa heimild til móttöku innlána, hvert fyrir sig og á samstæðugrunni, eftir því sem við á. Eiginfjáruki vegna kerfislegs mikilvægis verður áfram 2% á allar áhættuskuldbindingar á móðurfélags- og samstæðugrunni. Endurmat á kerfislega mikilvægum fjármálafyrirtækjum í samræmi við aðferðafræði Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar staðfesti kerfislegt mikilvægi Arion banka, Íslandsbanka, og Landsbankans.

Eiginfjárukar eru eiginfjárkröfur sem lagðar eru á fjármálafyrirtæki til viðbótar við lágmarkskröfu um eigið fé. Þeim er ætlað að tryggja rekstrarhæfi við álagsaðstæður. Mikilvægt er að hafa í huga að fjármálafyrirtæki geta gengið á verndunarauka og eiginfjáruka vegna kerfislegs mikilvægis ef á þarf að halda. Slíkt kann einungis að hafa áhrif á heimildir fjármálafyrirtækja til útgreiðslna, svo sem arðgreiðslna og kaupauka.

Reglur um eiginfjáruka vegna kerfisáhættu og kerfislegs mikilvægis hafa verið samþykktar og taka gildi eftir birtingu í Stjórnartíðindum.

Jafnframt telur fjármálastöðugleikanefnd rétt að sett verði á stofn sérstök og tímabundin lánaþyrirgreiðsla í formi veðlána. Lausafjárstaða fjármálafyrirtækja er traust en vegna óvissu um framvinduna telur nefndin mikilvægt að Seðlabankinn hafi til reiðu slíkt úrræði þar sem útvíkkað verði tímabundið hæfi veða. Er þetta gert með vísan til 13. gr. laga nr. 92/2019 um Seðlabanka Íslands og mun bankinn sjá um að framkvæma úrræðið innan þess ramma sem samþykktur var af nefndinni.

Fjármálastöðugleikanefnd ítrekar fyrri tilmæli sín til fjármálafyrirtækja að taka tillit til þeirrar miklu óvissu sem uppi er í þjóðarbúskapnum við ákvörðun um útgreiðslu arðs og endurkaup á eigin hlutabréfum á komandi misserum. Nefndin er líkt og áður reiðubúin að beita þeim tækjum sem hún hefur yfir að ráða til að varðveita fjármálastöðugleika hér á landi.

Íslenska fjármálakerfið stendur traustum fótum og eiginfjárstaða bankanna er sterk. Nýlegar aðgerðir Seðlabankans, um afléttingu sveiflujöfnunaraukans og breytingar á bindiskyldu, hafa aukið svigrúm þeirra til að styðja við heimili og fyrirtæki í gegnum það áfall sem Covid-19 faraldurinn mun hafa för með sér. Sveigjanleiki núgildandi eiginfjáruka veitir jafnframt rými til að bregðast við aðstæðum sem nú eru uppi í efnahagslífinu.

Yfirlýsing fjármálastöðugleikanefndar 1. júlí 2020

Miðað við nýjustu hagvaxtarspár er gert ráð fyrir 8% samdrætti landsframleiðslu í ár. Aðgerðir Seðlabanka Íslands og stjórnvalda vegna COVID-19-farsóttarinnar hafa aukið svigrúm fjármálafyrirtækja til að styðja við heimili og fyrirtæki á þessum krefjandi tímum.

Eiginfjár- og lausafjárstaða stóru bankanna þriggja er sterk. Þó að óvissa ríki um raunvirði útlánasafns fjármálafyrirtækja við núverandi aðstæður bendir sviðsmyndagreining Seðlabankans til þess að eiginfjárstaða þeirra standist álagið vel. Mikilvægt er að hraða endurskipulagningu útlána eins og kostur er. Greiðsluhlé ein og sér munu þó ekki leysa vanda þeirra lántakenda sem verst eru staddir.

Fjármálastöðugleikanefnd skal ársfjórðungslega ákveða gildi á sveiflujöfnunarauka á fjármálafyrirtæki. Í samræmi við yfirlýsingu nefndarinnar frá 18. mars sl. hefur nefndin ákveðið að halda auknum óbreyttum næstu 9 mánuði.

Hætta er á að slakara aðhald stjórnækja Seðlabankans geti hækkað eignaverð og aukið líkur á að kerfisáhætta myndist í efnahagslífinu í heild eða í afmörkuðum geirum. Nefndin ítrekar að hún er reiðubúin að beita þeim tækjum sem hún hefur yfir að ráða til að varðveita fjármálastöðugleika í kjölfar COVID-19-faraldursins.

Yfirlýsing fjármálastöðugleikanefndar 23. sept. 2020

Baráttan við farsóttina er langdregnari en vonir voru bundnar við sem eykur óvissu og hefur neikvæð áhrif á útlánasöfn fjármálafyrirtækja. Mikilvægt er að fjármálafyrirtæki vinni markvisst að endurskipulagningu útlána og nýti það svigrúm sem aðgerðir Seðlabankans og stjórnvalda hafa skapað til að styðja við heimili og fyrirtæki.

Eiginfjár- og lausafjárstaða stóru bankanna þriggja er sterk. Aðgerðir Seðlabankans hafa rýmkað verulega aðgengi þeirra að lausu fé og vaxtaálag á erlendum lánsfjármörkuðum hefur lækkað. Bankarnir hafa því greiðan aðgang að lausu fé bæði í krónum og erlendum gjaldmiðlum. Þeir eiga því að búa yfir miklum viðnámsþrótti til að takast á við afleiðingar farsóttarinnar.

Lágvaxtaumhverfi skapar nýjar áskoranir fyrir starfsemi lífeyrissjóða og fjármálafyrirtækja. Lífeyrissjóðir eru ráðandi þátttakendur á innlendum fjármálamarkaði og því er þörf á að skoða frekar umgjörð og áhættu tengda þeim.

Fjármálastöðugleikanefnd skal ársfjórðungslega ákveða gildi á sveiflujöfnunarauka á fjármálafyrirtæki. Í samræmi við yfirlýsingu nefndarinnar frá 18. mars sl. hefur nefndin ákveðið að halda aukanum óbreyttum næstu 6 mánuði.

Slökun á taumhaldi peningastefnunnar hefur stutt við fjármálastöðugleika við núverandi aðstæður.

Nefndin ítrekar að hún er reiðubúin að beita þeim tækjum sem hún hefur yfir að ráða til að varðveita fjármálastöðugleika hér á landi.

Yfirlýsing fjármálastöðugleikanefndar 16. desember 2020

Slakara taumhald peningastefnunnar hefur stutt við eignamarkaði og auðveldað heimilum og fyrirtækjum að takast á við afleiðingar farsóttarinnar og viðhaldið fjármálastöðugleika. Lækkun sveiflujöfnunaraukans og aðgerðir til að auka laust fé í umferð hafa auðveldað fjármálafyrirtækjum að vinna með lántakendum í greiðsluferfiðleikum og samtímis viðhalda útlánagetu. Að mati nefndarinnar hefur sveiflutengd kerfisáhætta ekki aukist að neinu marki síðustu misseri.

Eiginfjár- og lausafjárstaða stóru bankanna þriggja er sterk. Vaxtaálag á skuldabréfaútgáfur þeirra hefur lækkað. Bankarnir hafa því greiðan aðgang að lausu fé bæði í krónum og erlendum gjaldmiðlum sem þeir hafa nýtt til endurfjármögnunar. Þeir búa þannig yfir miklum viðnámsþrótti til að takast á við neikvæðar afleiðingar farsóttarinnar.

Lágvaxtaumhverfi skapar nýjar áskoranir á fjármálamarkaði. Sérstaklega á þetta við um lífeyrissjóði sem eru ráðandi þátttakendur á innlendum fjármálamarkaði og kerfislega mikilvægir. Mikilvægt er því að við stefnumótun lífeyrissjóðakerfisins sem nú stendur fyrir dyrum verði tekið mið af áhrifum þeirra á fjármálastöðugleika.

Fjármálastöðugleikanefnd hefur ákveðið að nýtt millibankakerfi Seðlabankans og verðbréfauppgjörskerfi Nasdaq CSD SE teljist til kerfislega mikilvægra innviða.

Nefndin skal ársfjórðungslega ákveða gildi á sveiflujöfnarauka á fjármálafyrirtæki og hefur ákveðið að halda auknum óbreyttum.

Fjármálastöðugleikanefnd mun beita þeim stýritækjum sem hún hefur yfir að ráða til að varðveita fjármálastöðugleika hér á landi.



Fjármálastöðugleikanefnd Seðlabanka Íslands

Fundargerð fjármálastöðugleikanefndar Seðlabanka Íslands

Aukafundur 10. mars 2020 (1. fundur)

Birt: 1. júlí 2020

Lög um Seðlabanka Íslands kveða svo á að það sé hlutverk fjármálastöðugleikanefndar að taka ákvarðanir um beitingu stjórnækja Seðlabanka Íslands varðandi fjármálastöðugleika. „Opinberlega skal birta ákvarðanir fjármálastöðugleikanefndar um beitingu stjórnækja á sviði fjármálastöðugleika og gera grein fyrir forsendum þeirra og mati á ástandi, svo og birta fundargerðir þess efnis, nema ef ætla má að opinber birting geti haft neikvæð áhrif á fjármálastöðugleika.“ Í samræmi við lögin hefur fjármálastöðugleikanefnd ákveðið að birta fundargerðir af fundum sínum að jafnaði innan fjögurra vikna.

Hér birtist fundargerð aukafundar fjármálastöðugleikanefndar 10. mars 2020. Á fundinum voru samþykktar starfsreglur nefndarinnar, en einnig voru breyttar efnahagshorfur ræddar og fyrstu viðbrögð stjórnvalda kynnt.

Efnahagsáhrif Covid-19 og fyrstu viðbrögð stjórnvalda

Nefndin fékk kynningu á helstu áhersluatriðum í aðgerðum stjórnvalda til að mæta efnahagslegum áhrifum vegna Covid-19 faraldursins sem tilkynntar höfðu verið fyrr um daginn. Kom fram að fyrirsjáanlegt væri að tekjur ríkissjóðs muni dragast verulega saman og útgjöld aukast.

Nefndin fjallaði um breyttar efnahagshorfur. Þrátt fyrir mikla óvissu um framhaldið er ljóst miðað við þær spár sem liggja fyrir að veiran mun hafa veruleg neikvæð áhrif á heimsbúskapinn – ekki síst á alþjóðlega ferðaþjónustu. OECD hafði kynnt fyrr í vikunni tvær sviðsmyndir af áhrifum veirunnar á hagvöxt þessa árs. Grunnsviðsmyndin miðast við að megináhrifin haldist innan Kína og gerir ráð fyrir að heimshagvöxtur verði 2,4% í ár en fráviksmyndin að áhrifin verði víðtækari og hagvöxtur verði 0,5%.

Þar sem vægi ferðaþjónustu í þjóðarbúskapnum er meira hér á landi en í flestum OECD-ríkjum, taldi nefndin að faraldurinn myndi hafa töluverð áhrif hér á landi. Fram kom að gera mætti ráð fyrir að áhrif faraldursins á innlendan þjóðarbúskap velti að verulegu leyti á því hversu mikill samdráttur yrði í alþjóðlegu flugi og þar með sætaframboði til landsins á þessu ári. Minni eftirspurn eftir hrávörum gæti einnig haft neikvæð áhrif bæði á verð og eftirspurn eftir framleiðslu stóriðju og sjávaraútvegs. Taldi nefndin að mikil óvissa væri um þróunina næstu

misseri og að áhrif veirunnar gætu orðið mun víðtækari en þær sviðsmyndir sem fyrir lágu bentu til. Nefndin ræddi jafnframt möguleg áhrif á fjármálakerfið og taldi að það stæði traustum fótum og væri vel í stakk búið til þess að takast á við áföll.

Eftirfarandi nefndarmenn sátu fundinn:

Ásgeir Jónsson, seðlabankastjóri og formaður nefndarinnar
Gunnar Jakobsson, varaseðlabankastjóri fjármálastöðugleika
Rannveig Sigurðardóttir, varaseðlabankastjóri peningastefnu
Unnur Gunnarsdóttir, varaseðlabankastjóri fjármálaeftirlits
Axel Hall, utanaðkomandi nefndarmaður
Bryndís Ásbjarnardóttir, utanaðkomandi nefndarmaður
Guðmundur Kr. Tómasson, utanaðkomandi nefndarmaður

Guðmundur Árnason, ráðuneytisstjóri í fjármála- og efnahagsráðuneytinu, sat fundinn með málfrelsi og tillögurétt.

Haukur C. Benediktsson, framkvæmdastjóri fjármálastöðugleikasviðs Seðlabankans, sat allan fund nefndarinnar. Þar að auki sátu fjölmargir starfsmenn Seðlabankans hluta fundarins.

Eggert Þ. Þórarinsson ritaði fundargerð.



Fjármálastöðugleikanefnd Seðlabanka Íslands

Fundargerð fjármálastöðugleikanefndar Seðlabanka Íslands

Aukafundur 16. mars 2020 (2. fundur)

Birt: 1. júlí 2020

Lög um Seðlabanka Íslands kveða svo á að það sé hlutverk fjármálastöðugleikanefndar að taka ákvarðanir um beitingu stjórnækja Seðlabanka Íslands varðandi fjármálastöðugleika. „Opinberlega skal birta ákvarðanir fjármálastöðugleikanefndar um beitingu stjórnækja á sviði fjármálastöðugleika og gera grein fyrir forsendum þeirra og mati á ástandi, svo og birta fundargerðir þess efnis, nema ef ætla má að opinber birting geti haft neikvæð áhrif á fjármálastöðugleika.“ Í samræmi við lögin hefur fjármálastöðugleikanefnd ákveðið að birta fundargerðir af fundum sínum að jafnaði innan fjögurra vikna.

Hér birtist fundargerð aukafundar fjármálastöðugleikanefndar 16. mars 2020. Á fundinum tók nefndin ákvörðun um að sveiflujöfnunaraukinn yrði lækkaður úr 2% í 0% og tilkynnt var um lækkunina 18. mars sl.

I Staða og horfur fyrir fjármálastöðugleika

Nefndarmenn ræddu um stöðu og horfur fyrir fjármálastöðugleika, stöðu efnahagsmála, þróun á innlendum fjármálamörkuðum, stöðu og áhættur í fjármálakerfinu og í rekstri einstaka fjármálafyrirtækja og þróun sveiflutengdrar kerfisáhættu síðustu misserin. Til grundvallar lágu upplýsingar um núverandi stöðu og þróunina sl. mánuði.

Staða efnahagsmála

COVID-19 veiran hafði breiðst út frá Kína yfir stóran hluta Asíu, Evrópu og N-Ameríku. Lönd höfðu byrjað að loka landamærum sínum eða takmarkað ferðir yfir landamæri. Fjölmörg lönd höfðu beitt samkomubanni. Efnahagshorfur hér á landi hafa versnað verulega á síðustu dögum samfara aukinni útbreiðslu veirunnar og víðtækari lokunum í helstu viðskiptalöndum Íslands. Mesta óvissan snýr að því hversu lengi faraldurinn muni standa.

Minni ferðavilji og lokanir á landamærum hafa verulega neikvæð áhrif á ferðapjónustufyrirtæki. Hlutabréfaverð evrópskra flugfélaga hafði lækkað hratt. Nokkur evrópsk flugfélög höfðu þegar tilkynnt um verulega skerta eða jafnvel enga starfsemi næstu

vikurnar. Icelandair fór ekki varhluta af þessari stöðu og hafði félagið dagana á undan aflýst fjölda flugferða. Gert var ráð fyrir að flugsamgöngur geti dregist enn frekar saman næstu vikurnar. Ferðaþjónustan hér á landi á mikið undir að náð verði tókum á útbreiðslu veirunnar fyrir háannatímabilið í sumar. Á síðustu árum hefur um þriðjungur ferðamanna sem heimsækja landið árlega komið í júní, júlí og ágúst. Viðnámsþróttur fyrirtækja í greininni er einnig í mörgum tilvikum takmarkaður eftir samdrátt á síðasta ári.

Fjármálamarkaðir

Miklar verðlækkanir og verðsveiflur höfðu verið á erlendum hlutabréfamörkuðum. Einstaka daga hafði verðsveiflan verið um 10% og flökt hafði ekki verið meira síðan í október 2008. Ásókn fjárfesta hafði verið í áhættuminni eignir. Ávöxtunarkrafa 10 ára ríkisbréfa í Bandaríkjunum, Bretlandi og Þýskalandi hafði lækkað og gull hækkað í verði. Olíuverð hafði lækkað um nær 50% frá áramótum bæði vegna áhrifa farsóttarinnar og verðstríðs Sádí-Arabíu og Rússlands.

Sambærileg þróun hafði verið á innlendum mörkuðum. Nær öll félög á aðallista Kauphallarinnar höfðu lækkað og hlutabréfavísitalan hafði lækkað um tæp 20% frá áramótum. Ávöxtunarkrafa ríkisskuldabréfa hafði lækkað nokkuð og krafa á verðtryggðum ríkisbréfum nálgast núll. Gengi krónunnar hafði veikt um 8% frá áramótum og flökt aukist. Seðlabankinn hafði beitt inngrípum til að viðhalda jafnvægi á gjaldeyrismarkaðnum.

Verulega hafði dregið úr innflæði vegna nýfjárfestingar fyrir erlendan gjaldeyri síðustu misseri. Nýfjárfesting var neikvæð um rúma 7 ma.kr. á fyrstu tveimur mánuðum þessa árs. Talsverður viðskiptaafgangur hafði verið undanfarin ár en óvissa um gjaldeyrisflæðið hafði aukist, sérstaklega varðandi gjaldeyristekjur af ferðaþjónustunni. Viðbrögð lífeyrissjóðanna skipta miklu máli fyrir gjaldeyrisflæði næstu mánuði en á sl. ári keyptu sjóðirnir gjaldeyri fyrir 121 ma.kr. eða um 4% af landsframléiðslu. Seðlabankinn býr yfir gjaldeyrisforða sem nemur um 30% af landsframléiðslu.

Þróun skulda einkageirans

Þróun skuldavaxtar heimila hafði lítið breyst á síðustu misserum og mældist raunvöxturinn um 4%. Útlánatölur sem náðu fram til loka janúar 2020 bentu til að hlutdeild lífeyrissjóðanna og bankanna hafi haldist nokkuð óbreytt. Vægi óverðtryggðra skulda í heildarskuldum heimila hafði aukist enn frekar. Ólíkt heimilunum dró á síðasta ári hratt úr skuldavexti fyrirtækja. Það kann að endurspeglar að einhverju leyti verri efnahagshorfur, endurmat á áhættu og útlánastefnu einstakra fjármálafyrirtækja. Vísbindingar voru um að miðlun lánsfjár til fyrirtækja kynni að einhverju marki að hafa færst út úr bankakerfinu á síðustu mánuðum.

Bankakerfið

Eiginfjárhlutföll stóru bankanna þriggja voru á bilinu 22,4% – 28,4% en heildarkrafa um eigið fé á bilinu 18,8 – 20,4%. Lausafjárstaðan er áfram vel yfir lágmarkum Seðlabankans og lausar eignir bankanna umfram kröfur voru um 260 ma.kr. Lausafjárlutaföll bankanna í íslenskum krónum höfðu einnig farið hækkandi síðustu mánuði.

Álag á erlendar skuldabréfaútgáfur stóru bankanna hafði hækkað hratt dagana fyrir fundinn. Álagið var svipað og það var um mitt sl. ár. Útgáfur að fjárhæð um 2,5% af landsframleiðslu eru á gjalddaga á þessu ári og 4% á næsta ári. Rúm lausafjárstaða bankanna í erlendum gjaldeyri veitti þeim svigrúm til að greiða upp a.m.k. alla gjalddaga þessa árs. Vaxtaálag á sértryggðum bréfum bankanna umfram ríkisbréf hafði aukist á undangengum vikum sem benti til versnandi fjármögnunarkjara á innlendum markaði.

Ekki voru merki um að útlánaáhætta væri farin að raungerast í bankakerfinu. Vanefndahlutfall fyrirtækjalána hækkaði þó bæði á þriðja og fjórða ársfjórðungi sl. árs. Fyrstu merki um greiðsluferfiðleika hjá lántökum í ferðaþjónustu og byggingarstarfsemi voru að koma fram. Áhrif af útbreiðslu veirunnar voru þó ekki komin fram. Lán til ferðaþjónustu námu rúmlega 9% af heildarútlánnum bankanna til viðskiptavina en líkur eru á að áhrifin geti orðið einna mest þar.

Sveiflutengd kerfisáhætta

Hlutfall skulda heimila af landsframleiðslu hafði verið nokkuð stöðugt milli ára en hins vegar lækkað nokkuð hjá fyrirtækjum. Raunverð íbúðahúsnæðis á höfuðborgarsvæðinu var sögulega hátt og mældist tæplega 10% yfir langtímaleitni í janúar sl. Raunverð atvinnuhúsnæðis hafði að mestu staðið í stað milli ára.

Leiðandi áhættuvísar fyrir fjármálasveiflu byggðir á ársfjórðungslegum gögnum um skuldavöxt, verðþróun íbúðahúsnæðis og erlenda fjármögnun bankanna, bentu ekki til að fjármálaleg niðursveifla hefði verið hafin í lok fjórða ársfjórðungs 2019. Gögnin bentu frekar til að uppsveiflan hefði stöðvast.

Dagleg gögn gáfu vísbendingu um verulega aukinn óróa. Greiðslukortavelta hafði dregist saman, gengi krónunnar veikst, hlutabréfaverð lækkað, álag á markaðsútgáfum bankanna hækkað og ávöxtunarkrafa á innlendum skuldabréfum lækkað.

Stjórnvöld í nokkrum löndum höfðu þegar lækkað kröfu um sveiflujöfnunarauka. Þannig var krafan lækkuð í Danmörku og Bretlandi úr 1% í 0%, í Svíþjóð úr 2,5% í 0% og í Noregi úr 2,5% í 1%.

II Ákvarðanir er varða fjármálastöðugleika

Nefndin ræddi að mikilvægt væri að fjármálafyrirtæki hefðu nægt svigrúm til að veita hagkerfinu stuðning við núverandi aðstæður, bæði hvað varðar eigið fé og laust fé.

Nefndin ræddi um eiginfjárkröfur á fjármálafyrirtækja. Eiginfjárukarnir hefðu verið byggðir upp í uppsveiflu til þess að auka viðnámsþrótt í kerfinu. Við núverandi aðstæður væri rétt að skoða að nýta það svigrúm sem skapast hefði með uppbyggingu aukanna. Rætt var um þá áhættu sem líkur væri á að raungerðist í yfirstandandi áfalli og voru nefndarmenn sammála um að mikilvægt væri að bregðast við með afgerandi hætti.

Sveiflujöfnunarauki

Nefndin ræddi um að lækkun sveiflujöfnunaraukans myndi veita fjármálafyrirtækjum svigrúm til að vinna úr auknu útlánatapi og draga úr neikvæðum áhrifum á miðlun lánsfjármagns.

Nefndin velti upp þeim möguleikum að lækka kröfuna um sveiflujöfnunarauka annars vegar úr 2% í 1% og hins vegar úr 2% í 0%. Full aflétting aukans gæti fyrirbyggt neikvæða keðjuverkun milli lánsframboðs, efnahagssumsvifa og eignaverðs. Hins vegar væru ekki komin fram skýr merki um fjármálalega niðursveiflu. Lækkun í 1% myndi skilja eftir svigrúm fyrir nefndina til að bregðast enn frekar við síðar. Nefndarmenn voru sammála um að veita yrði framvirka leiðsögn til að minnsta kosti 12 mánaða um að auknum yrði haldið óbreyttum. Brýna þyrfti fyrir fjármálafyrirtækjum, með vísan til samfélagslegrar ábyrgðar, hlutverks þeirra og sérstöðu í hagkerfinu, að hætta við allar fyrirætlanir um arðgreiðslur og endurkaup á eigin bréfum.

Nefndin ræddi að mikilvægt væri að bregðast hratt við stöðunni sem upp væri komin. Til staðar þyrftu að vera hvatar fyrir fjármálafyrirtæki að viðhalda framboði lánsfjár. Jákvætt væri einnig ef ákvarðanir nefndarinnar gætu stutt frekar við miðlun peningastefnunnar.

Með hliðsjón af umræðunni lagði seðlabankastjóri til að krafa um sveiflujöfnunarauka yrði lækkuð úr 2% í 0%. Jafnframt að gefin yrði framvirk leiðsögn um að auknum yrði ekki breytt næstu 12 mánuði. Allir nefndarmenn studdu tillögu seðlabankastjóra.

Nefndarmenn ræddu um að mikilvægt væri að svigrúmið sem lækkun aukans veitti yrði nýtt til að endurskipuleggja útlánasöfn og styðja við heimili og fyrirtæki í þeirri efnahagsóvissu sem framundan væri.

Fram kom á fundinum að nefndin myndi fylgjast grannt með þróun fjármálalegra skilyrða og væri reiðubúin að beita þeim tækjum sem hún hefði yfir að ráða til að varðveita fjármálastöðugleika.

Nefndamenn ræddu almennt um stöðu fjármálakerfisins. Þeir voru sammála um að staða bankanna væri sterk og að bankakerfið væri vel í stakk búið að bregðast við áföllum.

Eftirfarandi nefndarmenn sátu fundinn:

Ásgeir Jónsson, seðlabankastjóri og formaður nefndarinnar

Gunnar Jakobsson, varaseðlabankastjóri fjármálastöðugleika

Rannveig Sigurðardóttir, varaseðlabankastjóri peningastefnu

Unnur Gunnarsdóttir, varaseðlabankastjóri fjármálaeftirlits

Axel Hall, utanaðkomandi nefndarmaður

Bryndís Ásbjarnardóttir, utanaðkomandi nefndarmaður

Guðmundur Kr. Tómasson, utanaðkomandi nefndarmaður

Guðrún Þorleifsdóttir, skrifstofustjóri í fjármála- og efnahagsráðuneytinu, sat fundinn með málfrelsi og tillögurétt.

Haukur C. Benediktsson, framkvæmdastjóri fjármálastöðugleikasviðs Seðlabankans, sat allan fund nefndarinnar. Þar að auki sátu fjölmargir starfsmenn Seðlabankans hluta fundarins.

Eggert Þ. Þórarinsson ritaði fundargerð.



Fjármálastöðugleikanefnd Seðlabanka Íslands

Fundargerð fjármálastöðugleikanefndar Seðlabanka Íslands

Fundur 31. mars 2020 (3. fundur)

Birt: 1. júlí 2020

Lög um Seðlabanka Íslands kveða svo á að það sé hlutverk fjármálastöðugleikanefndar að taka ákvarðanir um beitingu stjórnækja Seðlabanka Íslands varðandi fjármálastöðugleika. „Opinberlega skal birta ákvarðanir fjármálastöðugleikanefndar um beitingu stjórnækja á sviði fjármálastöðugleika og gera grein fyrir forsendum þeirra og mati á ástandi, svo og birta fundargerðir þess efnis, nema ef ætla má að opinber birting geti haft neikvæð áhrif á fjármálastöðugleika.“ Í samræmi við lögin hefur fjármálastöðugleikanefnd ákveðið að birta fundargerðir af fundum sínum að jafnaði innan fjögurra vikna.

Hér birtist fundargerð fundar fjármálastöðugleikanefndar 31. mars 2020. Á fundinum staðfesti nefndin mat á hvaða fjármálafyrirtæki teljist kerfislega mikilvæg og tók ákvarðanir um eiginfjárouka vegna kerfisáhættu og kerfislegs mikilvægis. Einnig beindi nefndin tilmælum til seðlabankastjóra um að setja á stofn sérstaka og tímabundna lánaþingreiðslu við fjármálafyrirtæki.

I Staða og horfur fyrir fjármálastöðugleika

Nefndarmenn ræddu um stöðu og horfur fyrir fjármálastöðugleika, stöðu efnahagsmála, þróun á innlendum fjármálamörkuðum, stöðu og áhættur í fjármálakerfinu og í rekstri einstakra fjármálafyrirtækja og áhættur í rekstri fjármálainnviða. Til grundvallar lágu upplýsingar um núverandi stöðu og þróunina sl. vikur.

Staða efnahagsmála

Farþegaflug til og frá landinu hafði að mestu lagst af. Ríkisstjórnin hafði gert tímabundinn samning við Ícelandair um að halda uppi 2 flugum á viku bæði til Evrópu og Ameríku. Seðlabankinn kynnti 22. mars tvær sviðsmyndir um möguleg áhrif COVID-19 og aðgerða stjórnvalda á innlendar efnahagshorfur. Þær sýndu að efnahagssamdráttur gæti orðið allt að 5% á þessu ári og atvinnuleysi allt að 7% að meðaltali. Sviðsmyndagreining bendir til að áfall

af þessari stærðargráðu gæti haft töluverð áhrif á eiginfjárlutföll stóru bankanna, án þess þó að ýta eiginfjárlutföllum þeirra undir eiginfjárkröfuna.

Fjármálamarkaðir

Miklar sviptingar höfðu á síðustu dögum verið á erlendum hlutabréfamörkuðum. Örvunaraðgerðir stjórnvalda og seðlabanka veittu mörkuðum viðspyrnu. VIX-vísitalan sem mælir flökt á hlutabréfamörkuðum hafði náð sínu hæsta gildi, í bili að minnsta kosti, 16. mars. Ávöxtunarkrafa á 10 ára ríkisskuldabréfum Bandaríkjanna, Bretlands og Þýskalands hafði hækkað frá síðasta fundi nefndarinnar fyrir rúmlega 2 vikum.

Á innlenda hlutabréfamarkaðnum höfðu verðlækkanir bréfa fyrirtækja sem tengjast ferðapjónustu verið áberandi. Ávöxtunarkrafa ríkisskuldabréfa hafði hækkað þar sem útlit var fyrir að ríkissjóður þyrfti að afla sér töluverðs lánsfjár, en lækkað nokkuð á ný eftir að Seðlabankinn tilkynnti 23. mars að bankinn myndi hefja kaup á ríkisskuldabréfum á eftirmarkaði. Gengi krónunnar hafði lítið breyst frá síðasta fundi nefndarinnar.

Bankakerfið

Lausafjárstaðan stóru bankanna þriggja er vel yfir lágmarkum Seðlabankans. Hinn 25. mars sl. áttu bankarnir lausar eignir umfram heildar lausafjárkröfur sem námu 249 ma.kr. Breyttar efnahagsaðstæður höfðu enn sem komið var ekki komið fram í neikvæðum lausafjárahrifum. Vegna lægri vaxta virtist ásókn í laust fé og endurfjármögnun íbúðalána a.m.k. tímabundið hafa aukist. Talsvert hafði verið um umsóknir um greiðsluúrræði vegna áhrifa farsóttarinnar.

Álag á erlendar skuldabréfaútgáfur bankanna hafði hækkað frá síðasta fundi nefndarinnar. Rúm lausafjárstaða í erlendum gjaldeyri veitir bönkunum svigrúm til að takast á við þessar krefjandi markaðsaðstæður. Vaxtaálag á sértryggðum bréfum bankanna umfram ríkisbréf hafði einnig hækkað frá fundi nefndarinnar tveimur vikum áður, sem benti til versnandi fjármögnunarkjara á innlendum markaði.

Fjallað var um útlánaáhættu bankanna, sérstaklega í erlendum gjaldmiðlum til innlendra fyrirtækja. Aðgengi að slíkum lánnum hafði á undanförunum árum verið að mestu takmarkað við fyrirtæki með tekjur í erlendum gjaldmiðlum, s.s. til fyrirtækja í sjávarútvegi, fiskeldi, iðnaði, samgöngum og flutningsstarfsemi. Dæmi voru þó um verulegar lánveitingar í erlendum gjaldmiðlum til fyrirtækja í ferðapjónustu.

Eiginfjárauðkar

Eiginfjárstaða stóru bankanna þriggja er mjög sterk. Eiginfjárlutföll þeirra voru á bilinu 5,6 - 10,4% umfram heildarkröfu Seðlabankans um eigið fé sem var á bilinu 16,8% - 18,4% eftir afléttingu kröfu um 2% sveiflujöfnunarauka. Samanlögð krafa um eiginfjáruka, þ.e. kerfisáhættuaukann, verndunaraukann og eiginfjáruka vegna kerfislegs mikilvægis, stóð í 7,5% fyrir stóru bankana þrjá. Kröfuna skal uppfylla með eigin fé af hæstu gæðum – CET1. Fjármálafyrirtæki geta gengið á mjúku aukana, verndaraukann og eiginfjáruka vegna kerfislegs mikilvægis, án þess að til starfsleyfissviptingar komi. Samtals nam sú krafa 4,5%. Komi til þess að fjármálafyrirtæki gangi á mjúku aukana, þarf að takmarka útgreiðslur, s.s. kaupauka, arðgreiðslur og endurkaup á eigin bréfum.

Verndunaraukanum er ætlað að bæta viðnámsþrótt fjármálafyrirtækja í niðursveiflu. Hann á að tryggja að fjármálafyrirtæki geti tekist á við krefjandi tíma og gengið á eigið fé, án þess að til starfsleyfissviptingar komi.

Eiginfjáruka vegna kerfislegs mikilvægis er ætlað að mæta þeim neikvæðu áhrifum sem kerfislega mikilvæg fjármálafyrirtæki geta, vegna stærðar og eðli starfsemi sinnar, haft á fjármálastöðugleika og raunhagkerfið ef þau lenda í erfiðleikum.

Kerfisáhættuaukanum hefur verið beitt hér á landi til að koma í veg fyrir eða milda áhrif af langtíma, ósveiflutengdri kerfisáhættu sem fjármálakerfið getur staðið frammi fyrir og getur haft alvarlegar neikvæðar afleiðingar á fjármálakerfið og raunhagkerfið. Aukanum er þannig ætlað að mæta áhættu sem felst í uppbyggingu íslenska hag- og fjármálakerfisins. Innlenda hagkerfið er viðkvæmt fyrir áföllum sem endurspeglast í miklum sveiflum í hagstærðum hér á landi miðað við önnur lönd, enda geirasamþjöppun mikil í atvinnulífinu. Strangari kröfur eru gerðar til fjármálafyrirtækja um að uppfylla kerfisáhættuaukann en aðra eiginfjáruka.

Fjármálainnviðir

Við rekstur fjármálainnviða hafði á sl. vikum verið lögð áhersla á að lágmarka rekstraráhættu af farsóttinni í greiðslumiðlun og tryggja daglegan rekstur. Rekstur kerfanna hafði gengið vel. Seðlavelta innanlands hafði minnkað, bæði vegna styttri opnunartíma smásölu og aukinnar áherslu á rafræna greiðslumiðlun. Eftirspurn eftir íslenskum seðlum erlendis hafði dregist verulega saman, enda farþegaflug til landsins að mestu lagst af. Vegna faraldursins gæti mögulega þurft að seinka innleiðingu á nýjum grunnkerfum fjármálainnviða sem fyrirhugaðar voru á árinu.

Velta innlendra greiðslukorta hér á landi hafði dregist saman um allt að helming eftir að samkomubann var sett á. Dagleg kortavelta erlendra aðila hafði dregist enn skarpar saman eða um rúmlega 80% á fyrstu þremur vikum mars mánaðar. Búast má við enn meiri samdrætti í kortaveltu erlendra aðila í apríl þar sem farþegaflug til landsins hefur að mestu lagst af.

Rammi um útvíkkun lausafjárþyrirgreiðslu

Vegna stöðunnar í hagkerfinu er mikilvægt að fjármálafyrirtæki hafi aðgang að veðlánnum við Seðlabankann á breiðari grunni en áður. Til að bregðast við þessu er mögulegt að setja upp sérstaka og tímabundna lánaþyrirgreiðslu í formi veðlána. Þessi veðlán yrðu frábrugðinn þeim veðlánnum sem fjármálafyrirtækjum standa reglulega til boða, sérstaklega varðandi hæfi veða og tímalengdir. Þó nokkuð er liðið síðan Seðlabankinn veitti síðast veðlán. Lausafjárstaða fjármálafyrirtækja hefur verið rúm en mikil óvissa er um áframhaldandi efnahagsframvindu.

II Ákvarðanir er varða fjármálastöðugleika

Nefndin ræddi um eiginfjárstöðu fjármálafyrirtækja og eiginfjárkröfur vegna eiginfjárukana. Nefndin taldi að stóru bankarnir þrír hefðu svigrúm, með tilliti til eiginfjárstöðu, til að bregðast við þeim aðstæðum sem uppi væru. Lækkun sveiflujöfnunaraukans í 0% hafi þegar skapað töluvert svigrúm. Taldi nefndin einnig rétt að ítreka að hluti af eiginfjárukanum væri mjúkir og því hægt að ganga á þá, ef þyrfti, við aðstæður líkt og þær sem uppi væru.

Eiginfjárauðkar vegna kerfislegs mikilvægis og kerfisáhættu

Út frá niðurstöðu á mati á kerfislega mikilvægum fjármálafyrirtækjum í samræmi við aðferðaferði Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar töldu nefndarmenn einsýnt að staðfesta bæri kerfislegt mikilvægi Arion banka, Íslandsbanka og Landsbankans. Til grundvallar matinu liggja vísar sem meta stærð, mikilvægi, flækjustig og tengsl. Seðlabankastjóri bar upp þá tillögu og var hún samþykkt samhljóða.

Nefndarmenn ræddu hvort rétt væri að halda óbreyttum eða lækka eiginfjárkröfur vegna kerfislega mikilvægra fjármálafyrirtækja og kerfisáhættu. Fram kom að sú áhætta sem bundið er fyrir í báðum tilvikum hefði lítið breyst á sl. árum, enda væri hún tregbreytanleg. Einnig var bent á að fyrirhugaðar væru breytingar á kerfisáhættuaukanum og eiginfjárouka vegna kerfislegs mikilvægis í evrópska regluverkinu með innleiðingu á CRD V. Ekki var talið tímabært að bregðast við þessum fyrirhuguðu breytingum, enda óljóst hvenær þær yrðu teknar upp í íslenskt regluverk.

Í ljósi umræðu í nefndinni bar seðlabankastjóri upp tillögu um að eiginfjárouka vegna kerfislegs mikilvægis yrði haldið óbreyttum í 2% á allar áhættuskuldbindingar á móðurfélags- og samstæðugrunni. Var tillagan samþykkt samhljóða.

Seðlabankastjóri bar svo upp tillögu um óbreyttan eiginfjárouka vegna kerfisáhættu, 3% vegna innlendra áhættuskuldbindinga fjármálafyrirtækja sem hafa rétt til móttöku innlána, hvert fyrir sig og á samstæðugrunni eftir því sem við á. Var tillagan samþykkt samhljóða.

Rammi um útvíkkun lausafjárfrigreiðslu

Nefndarmenn ræddu fyrirkomulag sérstakrar og tímabundinnar lánafrigreiðslu í formi veðlána til fjármálafyrirtækja sem væru í reglulegum viðskiptum við Seðlabankann. Samþykkti nefndin samhljóða að beina þeim tilmælum til seðlabankastjóra að setja á stofn sérstaka og tímabundna lánafrigreiðslu í formi veðlána, þar sem gert væri ráð fyrir útvíkkuðum veðum.

Nefndarmenn voru sammála um að fjármálakerfið stæði traustum fótum og eiginfjárstaða bankanna væri sterk. Nýlegar aðgerðir Seðlabankans, um afléttingu sveiflujöfnunaraukans og breytingar á bindiskyldu, hefðu aukið svigrúm þeirra til að styðja við heimili og fyrirtæki í gegnum það áfall sem COVID-19 faraldurinn myndi hafa í för með sér. Sveigjanleiki núgildandi eiginfjárouka veiti jafnframt rými til að bregðast við aðstæðum sem nú væru uppi í efnahagslífinu.

Eftirfarandi nefndarmenn sátu fundinn:

Ásgeir Jónsson, seðlabankastjóri og formaður nefndarinnar

Gunnar Jakobsson, varaseðlabankastjóri fjármálastöðugleika

Rannveig Sigurðardóttir, varaseðlabankastjóri peningastefnu

Unnur Gunnarsdóttir, varaseðlabankastjóri fjármálaeftirlits

Axel Hall, utanaðkomandi nefndarmaður

Bryndís Ásbjarnardóttir, utanaðkomandi nefndarmaður

Guðmundur Kr. Tómasson, utanaðkomandi nefndarmaður

Tómas Brynjólfsson, skrifstofustjóri í fjármálaráðuneytinu, sat fundinn með málfrelsi og tillögurétt.

Haukur C. Benediktsson, framkvæmdastjóri fjármálastöðugleikasviðs Seðlabankans, sat allan fund nefndarinnar. Þar að auki sátu fjölmargir starfsmenn Seðlabankans hluta fundarins.

Eggert Þ. Þórarinsson ritaði fundargerð.



Fjármálastöðugleikanefnd Seðlabanka Íslands

Fundargerð fjármálastöðugleikanefndar Seðlabanka Íslands

Fundur 22.-23. júní 2020 (4. fundur)

Birt: 21. júlí 2020

Lög um Seðlabanka Íslands kveða svo á að það sé hlutverk fjármálastöðugleikanefndar að taka ákvarðanir um beitingu stjórnækja Seðlabanka Íslands varðandi fjármálastöðugleika. „Opinberlega skal birta ákvarðanir fjármálastöðugleikanefndar um beitingu stjórnækja á sviði fjármálastöðugleika og gera grein fyrir forsendum þeirra og mati á ástandi, svo og birta fundargerðir þess efnis, nema ef ætla má að opinber birting geti haft neikvæð áhrif á fjármálastöðugleika.“ Í samræmi við löggin hefur fjármálastöðugleikanefnd ákveðið að birta fundargerðir af fundum sínum að jafnaði innan fjögurra vikna.

Hér birtist fundargerð fundar fjármálastöðugleikanefndar 22. og 23. júní 2020. Hluti fundarins 23. júní var sameiginlegur fundur fjármálastöðugleika- og peningastefnunefndar. Á fundinum ákvað nefndin að halda sveiflujöfnunaraukanum óbreyttum. Nefndin samþykkti einnig að Seðlabankinn útfærði sérstakan tímabundin veðlánaramma til að fjármagna stuðningslán með 100% ríkisábyrgð.

I Staða og horfur fyrir fjármálastöðugleika

Nefndarmenn ræddu um stöðu og horfur fyrir fjármálastöðugleika, stöðu efnahagsmála, þróun á innlendum fjármálamörkuðum, stöðu og áhættur í fjármálakerfinu og í rekstri einstakra fjármálafyrirtækja, fjármálasveifluna, fasteignamarkaðinn, skilavald og stuðningslán. Til grundvallar lágu upplýsingar um stöðuna og þróunina frá síðasta fundi nefndarinnar í lok mars.

Staða efnahagsmála

COVID-19-farsóttin og sóttvarnaraðgerðir hafa haft mikil efnahagsáhrif hér á landi. Nýjasta þjóðhagsspá Seðlabanka Íslands sem birt var í *Peningamálum 2020/2* í maí sl. gerir ráð fyrir 8% samdrætti í landsframleiðslu á þessu ári sem yrði mesti efnahgssamdráttur á einu ári í heila öld. Fluggeirinn og ferðaþjónustan hafa orðið fyrir hve mestu höggi og við blasir mesti samdráttur í útflutningi í ár frá upphafi mælinga. Samdráttur í innflutningi og bati

viðskiptakjara hafa að einhverju leyti vegið á móti. Einkaneysla dróst verulega saman milli ára í mars og apríl en viðsnúningur varð í maí. Störfum hefur fækkað verulega og atvinnuleysi aukist. Spáð er að atvinnuleysi nái hámarki á þriðja ársfjórðungi og verði tæplega 9% á árinu öllu. Verðbólga hafði ekki aukist þrátt fyrir lækkun á gengi krónunnar þar sem lækkun olíuverðs og alþjóðleg lækkun matvæla- og hrávöruverðs hafa vegið á móti. Verðbólguvæntingar hafa jafnframt haldist við markmið.

Fjármálamarkaðir

Erlendir hlutabréfamarkaðir höfðu sótt verulega í sig veðrið frá síðasta fundi nefndarinnar í mars sl., studdir af aðgerðum stjórnvalda til að auka aðgengi að fjármagni og lækka fjármagnskostnað. Væntingar höfðu einnig verið um að farsóttin væri í rénun.

Sambærileg þróun hafði verið á innlendum hlutabréfamarkaði. Úrvalsvísitalan hafði hækkað um rúmlega fimmtung frá síðasta fundi nefndarinnar. Skýrist það að verulegu leyti af hækkun hlutabréfa Marels, sem höfðu hækkað um tæplega 30%, en félagið vegur rúmlega helming af vísitölu Kauphallarinnar. Ávöxtunarkrafa á skuldbréfamarkaði hafði lækkað í takt við lækkandi stýrivexti Seðlabankans. Lækkunin hafði verið heldur minni á lengri en stutta endanum. Kann það að skýrast af áhuga fjármálafyrirtækja á stuttum ríkisbréfum og ríkisvixlum til lausafjárstýringar eftir að Seðlabankinn hætti að bjóða upp á bundin innlán til eins mánaðar í maí sl. Ávöxtunarkrafa á markaði var orðin sögulega lág og raunvextir á verðtryggðum ríkisbréfum til eins og fimm ára orðnir neikvæðir.

Gengi krónunnar var á svipuðum stað og það hafði verið á síðasta fundi nefndarinnar. Takmörkuð dýpt virðist vera á markaðnum. Hvatningaryfirlýsing Landssamtaka lífeyrissjóða til lífeyrissjóðanna um að takmarka gjaldeyriskaup hafði stutt við gengið en á sama tíma dregið úr dýpt markaðarins, einkum á kaupliðinni. Seðlabankinn hafði gripið nokkrum sinnum inn í markaðinn til að draga úr sveiflum og nam velta bankans það sem af var ári um 17% af heildarveltunni. Engin merki höfðu verið um fjármagnsútlæði frá landinu. Á fyrstu fimm mánuðum ársins var nýfjárfesting neikvæð um 5 ma.kr. en frá mars til maí var hún jákvæð um 2 ma.kr.

Þróun skulda einkageirans

Skuldavöxtur heimila hefur lítið breyst á síðustu misserum og mældist hann um 4% í lok mars að raunvirði. Vægi óverðtryggðra skulda í heildarskuldum heimila hafði aukist enn frekar og námu þær tæplega þriðjung af heildarskuldum heimila. Skuldavöxtur fyrirtækja var hins vegar neikvæður um 0,3% í lok mars að teknu tilliti til gengis- og verðlagsbreytinga. Þessi þróun hefur átt sér talsverðan aðdraganda en hægja tók á skuldavexti fyrirtækja á síðasta ári, meðal annars vegna endurmats lánastofnana á áhættu og verri efnahagshorfum.

Bankakerfið

Bæði Seðlabankinn og ríkisstjórnin höfðu gripið til víðtækra aðgerða til að milda áfallið fyrir heimili og fyrirtæki og styðja við fjármálakerfið. Aðgerðir Seðlabankans hafa miðað að því að slaka á taumhaldi peningastefnunnar og tryggja aukið laust fé í umferð til að styðja við eftirspurn og auðvelda fjármálafyrirtækjum að mæta útlánatöpum.

Lausafjárstaða stóru bankanna þriggja er áfram sterk, þó viðbúið sé að á hana geti gengið þegar áhrif farsóttarinnar hafa að fullu komið fram. Hinn 10. júní sl. áttu bankarnir lausar eignir umfram heildar lausafjárkröfur sem námu tæpum 270 ma.kr. og hafði staðan styrkst um nærri 20 milljarða frá síðasta fundi nefndarinnar. Álagspróf á lausafjárstöðuna bankanna benda til að þeir þoli mikið útlæði.

Álag á erlendar skuldabréfaútgáfur bankanna hafði lækkað nokkuð frá síðasta fundi nefndarinnar eða um nærri 50 punkta. Rúm lausafjárstaða í erlendum gjaldeyri veitir bönkunum áfram svigrúm til að takast á við þessar krefjandi markaðsaðstæður án þess að leita á erlenda fjármagnsmarkaði. Vaxtaálag á sértryggtum bréfum bankanna umfram ríkisbréf hafði einnig lækkað milli funda nefndarinnar og var svipað og í upphafi ársins.

Tap stóru bankanna þriggja á fyrsta ársfjórðungi nam rúmum 7 ma.kr. Uppgjör fyrsta ársfjórðungs litaðist af aukinni virðisrýrnun og nam hún tæpum 12 ma.kr. á fjórðungnum. Viðbúið er að til frekari virðisrýrnunar komi á næstu ársfjórðungum. Þrátt fyrir þetta er eiginfjárstaða bankanna mjög sterk og var eiginfjárhlutfall þeirra að meðaltali 24,5% í lok mars sl. samanborið við 22,4% í lok desember 2019. Álagspróf á bankana bendir til þess að eiginfjárstaða þeirra sé mjög sterk. Sterk eiginfjárstaða og aflétting sveiflujöfnunaraukans veitir bönkunum svigrúm til að takast á við aukið útlánatap en viðhalda útlánum á sama tíma.

Hinn 10. júní sl. voru um 380 ma.kr. af útlánum stóru bankanna þriggja í greiðsluhléi vegna farsóttarinnar. Það er um 12% af útlánum bankanna til viðskiptavina. Greiðsluhlé eru algengari hjá fyrirtækjum eða um 16% af útlánum til þeirra en um 9% af útlánum til heimila. Nær helmingur af lánum til ferðaþjónustunnar eru í greiðsluhléi, um fimmtungur af lánum til þjónustu og um 10% til verslunar. Hlutfallið er lægra í öðrum atvinnugreinum. Merki eru um að vanskil (0 – 90 daga) séu að aukast.

Fasteignamarkaðurinn

Árshækkun raunverðs íbúðarhúsnæðis á höfuðborgarsvæðinu var 1,1% í maí. Verð í fjölbýli hækkaði um 1,7% en lækkaði um 1,4% í sérbýli. Utan höfuðborgarsvæðisins var árshækkunin 7,8% í maí. Velta dróst verulega saman í apríl en kom nokkuð til baka í maí. Skýrist það líklega að verulegu leyti af sóttvarnaraðgerðum. Húsnæðisverð á höfuðborgarsvæðinu hafði þróast nokkuð í takt við þá efnahagsþætti sem alla jafna ráða þróun þess á sl. árum. Vísbindingar voru um að heimilin séu í auknum mæli að endurfjármagna húsnæðislán sín í kjölfar lækkunar vaxta og færa sig úr verðtryggtum lánum í óverðtryggt. Tilfærsla á fjármögnun fasteignalána heimilanna virðist í einhverju mæli vera frá lífeyrissjóðunum til bankanna en bankarnir bjóða lægri vaxtakjör á óverðtryggtum lánum en flestir lífeyrissjóðirnir.

Verðvísitala atvinnuhúsnæðis á höfuðborgarsvæðinu hélt áfram að lækka á fyrsta fjórðungi ársins. Nam árslækkunin um 12% að raunvirði í lok mars samanborið við rúmlega 2% í lok desember. Áhrif farsóttarinnar munu líklega koma enn frekar fram á öðrum ársfjórðungi. Framboð á hótelum og gistiheimilum heldur áfram að aukast en um 51 þúsund fermetrar eru í byggingu á höfuðborgarsvæðinu eða sem nemur um fimmtungi af því rými sem til staðar er. Fjárhæð útlána viðskiptabankanna með veði í gistirými og yfir 70% veðsetningu hækkaði um tæplega 15% að raunvirði á sl. ári.

Fjármálasveiflan

Ársfjórðungsleg gögn benda til þess að í lok síðasta árs og á fyrsta fjórðungi þessa árs hafi upptaktur fjármálasveiflunnar að mestu stöðvast. Skuldaveifla einkageirans var enn í upptakti en húsnæðis- og fjármögnunarsveiflan að mestu staðnaðar. Aðgerðir stjórnvalda tengdar farsóttinni gætu blásið lífi í húsnæðissveifluna og líklegt er að upptaktur skuldaveiflunnar aukist á nýjan leik, einkum vegna aukinna útlána til heimila til fasteignakaupa og brúar- og stuðningslána til fyrirtækja. Þetta gæti aukið upptakt fjármálasveiflunnar á nýjan leik. Almennt virtist samt áhættuvilji hafa minnkað í fjármálakerfinu sl. ár sem gæti haft neikvæð áhrif á upptakt fjármálasveiflunnar ef áhrifanna gætir til lengri tíma litið.

Skilavald

Nefndin fékk kynningu á inntaki laga um skilameðferð lánastofnana og verðbréfafyrirtækja sem samþykkt voru á Alþingi 15. júní sl. Lögin taka gildi frá 1. september 2020. Með lögunum var innleiddur meginhluti tilskipunar 2014/59/ESB, um endurreisn og skilameðferð lánastofnana og verðbréfafyrirtækja (BRRD tilskipun) í íslenskan rétt. Í skilavaldi felst stjórnarsýsluvald til að grípa til og framkvæma aðgerðir og verkefni sem tengjast undirbúningi og framkvæmd skilameðferðar fjármálafyrirtækja, þ.e. takast á við erfiðleika og áföll í rekstri einstakra aðila með það að markmiði að lágmarka neikvæð áhrif á fjármálakerfið í heild. Samkvæmt lögunum verður skilavald hluti af Seðlabankanum.

Stuðningslán

Seðlabanki Íslands og fjármála- og efnahagsráðuneytið gerðu hinn 25. maí sl. með sér samning um að bankinn annist framkvæmd á veitingu ríkisábyrgða til lánastofnana. Markmiðið með stuðningslánnum er að viðhalda atvinnustigi og efnahagssumsvifum með því að styðja við minni rekstraraðila sem hafa tímabundið orðið fyrir tekjufalli vegna farsóttarinnar og aðgerða stjórnvalda við að bregðast við henni. Með því er dregið úr líkum á greiðslufalli þessara aðila og stutt við útlánagæði í fjármálakerfinu. Lánsformið er tvískipt, annars vegar lán að fjárhæð 0-10 m.kr. með 100% ríkisábyrgð, lánstími allt að 30 mánaða og vaxtakjör þau sömu og af sjö daga bundnum innlánnum innlánsstofnana hjá Seðlabankanum hverju sinni. Hins vegar lán að fjárhæð 10-40 m.kr. með 85% ríkisábyrgð, lánstími 30-48 mánuðir og vextir einnig þeir sömu og á sjö daga bundnum innlánnum í Seðlabankanum en þó að viðbættu álagi lánastofnana.

II Ákvarðanir er varða fjármálastöðugleika

Nefndin ræddi almennt um slökun á aðhaldi vegna farsóttarinnar. Víða erlendis hafa lágir og jafnvel neikvæðir vextir verið við lýði um nokkurt skeið og það samhliða slakara aðhaldi fjármálastöðugleikastefnunnar hefur ýtt undir áhyggjur af stöðu fjármálastöðugleika. Aðstæður hér á landi eru aðrar, slakara aðhald er nýlega tilkomið sem viðbrögð við dökkum efnahagshorfum. Þrátt fyrir slakara aðhald fjármálastöðugleikastefnunnar hefur nefndin enn sem komið er ekki áhyggjur af stöðu fjármálastöðugleika. Aukið laust fé í umferð virtist ekki hafa leitt til aukinna útlána til fyrirtækja og aðgengi þeirra fjármagni í gegnum bankakerfið kann að vera að einhverju leyti takmarkað. Útlánaaukning einkageirans sl. mánuði er nær eingöngu bundin við fasteignalán til heimila. Óhóflegur skuldavöxtur og ósjálfbærar hækkningar

á eignamörkuðum eru því enn sem komið er ekki áhyggjuefni hér á landi. Nefndarmenn töldu þó mikilvægt að allir væru viðbúnir því að núverandi ástand væri tímabundið. Herða þyrfti aðhaldið að nýju þegar áhrif farsóttarinnar og sóttvarnaraðgerða fjöruðu út.

Sveiflujöfnunaraukinn

Seðlabankastjóri lagði fram tillögu um óbreyttan sveiflujöfnunarauka, 0%, í samræmi við yfirlýsingu nefndarinnar frá því í mars sl. um að halda auknum óbreyttum að minnsta kosti fram í mars 2021. Allir nefndarmenn studdu tillögu seðlabankastjóra.

Fjármögnun stuðningslána

Nefndin ræddi að mikilvægt væri að hvetja lánastofnanir til að veita stuðningslán þar sem þau gætu m.a. stuðlað að því að minni rekstrarhæf fyrirtæki færu síður í þrot, þannig aukið útlánagæði í fjármálakerfinu og stutt við fjármálastöðugleika. Fram kom á fundinum að lánin myndu, líkt og önnur útlán, að öðru óbreyttu lækka lausafjárhlutföll og lausafjáreignir lánastofnana.

Nefndin ræddi að heppilegt væri að útfæra sérstakan tímabundinn veðlánaramma sem tryggði lánastofnunum aðgang að skammtímafjármagni á lægri vöxtum til að fjármagna stuðningslán með 100% ríkisábyrgð. Þær lánveitingar væru einnig forsenda fyrir því að lánastofnanir veittu stuðningslán með 85% ríkisábyrgð. Slíkt myndi styðja við útlánavilja í fjármálakerfinu sem væri æskilegt við núverandi aðstæður.

Með hliðsjón af umræðunni lagði seðlabankastjóri fram tillögu um að vegna sérstöðu stuðningslána með 100% ríkisábyrgð og þeirra aðstæðna sem uppi eru vegna farsóttarinnar myndi Seðlabankinn útfæra sérstakan tímabundinn veðlánaramma stuðningslána á sömu kjörum og eru á sjö daga bundnum innlánnum hjá Seðlabankanum á hverjum tíma. Allir nefndarmenn samþykktu tillöguna.

Eftirfarandi nefndarmenn sátu fundinn:

Ásgeir Jónsson, seðlabankastjóra og formaður nefndarinnar
Gunnar Jakobsson, varaseðlabankastjóri fjármálastöðugleika
Rannveig Sigurðardóttir, varaseðlabankastjóri peningastefnu
Unnur Gunnarsdóttir, varaseðlabankastjóri fjármálaeftirlits
Axel Hall, utanaðkomandi nefndarmaður
Bryndís Ásbjarnardóttir, utanaðkomandi nefndarmaður
Guðmundur Kr. Tómasson, utanaðkomandi nefndarmaður

Tómas Brynjólfsson, skrifstofustjóri í fjármála- og efnahagsráðuneytinu, sat fundinn með málfrelsi og tillögurétt.

Haukur C. Benediktsson, framkvæmdastjóri fjármálastöðugleikasviðs Seðlabankans, sat allan fund nefndarinnar. Þar að auki sátu fjölmargir starfsmenn Seðlabankans hluta fundarins.

Eggert Þ. Þórarinsson ritaði fundargerð.



Fjármálastöðugleikanefnd Seðlabanka Íslands

Fundargerð fjármálastöðugleikanefndar Seðlabanka Íslands

Fundur 21.-22. september 2020 (5. fundur)

Birt: 27. október 2020

Lög um Seðlabanka Íslands kveða svo á að það sé hlutverk fjármálastöðugleikanefndar að taka ákvarðanir um beitingu stjórnækja bankans á sviði fjármálastöðugleika. „Opinberlega skal birta ákvarðanir fjármálastöðugleikanefndar um beitingu stjórnækja á sviði fjármálastöðugleika og gera grein fyrir forsendum þeirra og mati á ástandi, svo og birta fundargerðir þess efnis, nema ef ætla má að opinber birting geti haft neikvæð áhrif á fjármálastöðugleika.“ Í samræmi við löggin hefur fjármálastöðugleikanefnd ákveðið að birta fundargerðir af fundum sínum að jafnaði innan fjögurra vikna.

Hér birtist fundargerð fundar fjármálastöðugleikanefndar 21. og 22. september 2020. Á fundinum ákvað nefndin að halda sveiflujöfnunaraukanum óbreyttum.

I Staða og horfur fyrir fjármálastöðugleika

Nefndarmenn ræddu um stöðu og horfur fyrir fjármálastöðugleika, stöðu efnahagsmála, þróun á innlendum fjármálamörkuðum, stöðu og áhættu í fjármálakerfinu og í rekstri einstakra fjármálafyrirtækja, fasteignamarkaðinn, fjármálainnviði og fjármálasveifluna. Til grundvallar lágu upplýsingar um stöðuna og þróunina frá síðasta fundi nefndarinnar í lok júní.

Staða efnahagsmála

Efnahagshorfur lituðust af baráttunni við farsóttina sem virtist ætla að verða langdregnari en vonir stóðu til. Í nýjustu þjóðhagsspá Seðlabankans sem birt var í *Peningamálum* 2020/3 í ágúst er gert ráð fyrir heldur minni samdrætti í landsframléiðslu í ár en í máispá bankans. Bráðabirgðatölur þjóðhagsreikninga sýna að hagvöxtur var þróttmeiri á fyrri hluta ársins en ágúst spáin gerði ráð fyrir. Á móti kemur að horfur fyrir seinni hluta ársins og lengra fram á næsta ár hafa versnað miðað við hátíðnivísbendingar og kannanir.

Samdráttur er mikill í ferðaþjónustu en sjávarútvegur hefur staðið farsóttina betur af sér en spár bentu til. Ýmis önnur þjónusta á undir högg að sækja. Einkaneysla tók við sér í sumar en hægst virðist hafa á henni í haustbyrjun. Störfum hefur fækkað verulega, atvinnuleysi aukist

og atvinnuþáttaka minnkað. Spáð er að atvinnuleysi nái hámarki undir lok ársins og verði þá um 10%. Verðbólga hefur aukist en verðbólguvæntingar haldast við markmið.

Fjármálamarkaðir

Erlendir hlutabréfamarkaðir höfðu að mestu staðið í stað frá síðasta fundi nefndarinnar nema vestanhafs þar sem verð höfðu hækkað. Aðgerðir seðlabanka, viðbrögð stjórnvalda, slökun á sóttvarnaraðgerðum og bjartsýni um þróun bóluafnis gegn farsóttinni hefur stutt við verð á mörkuðum.

Hækkanir höfðu einnig verið á innlendum hlutabréfamarkaði milli funda nefndarinnar en skýrðust líkt og síðustu mánuði að mestu af hækkun hlutabréfa Marel. Icelandair hafði nýlega lokið hlutafjárútbóði þar sem talsverð umframeftirspurn var.

Ávöxtunarkrafa óverðtryggðra ríkisbréfa hafði hækkað. Langtímakrafan hafði hækkað umfram skammtímakröfu sem skýrist líklega aðallega af aukinni eftirspurn fjármálafyrirtækja eftir bréfum til lausafjárstyringar. Raunvextir á verðtryggðum ríkisbréfum til eins og fimm ára voru áfram neikvæðir.

Gengi krónunnar hafði lækkað lítillega frá síðasta fundi nefndarinnar. Hlutur Seðlabankans af veltu á markaðnum hafði aukist. Bankinn hafði brugðist við takmarkaðri dýpt á markaðnum með því að hefja reglubundna gjaldeyrissölu um miðjan september. Lífeyrissjóðirnir höfðu dregið verulega úr gjaldeyriskaupum á öðrum ársfjórðungi en keypt um 8 ma.kr. í júlí og ágúst sem er talsverð aukning frá fyrra fjórðungi. Nýfjárfesting var neikvæð um rúma 12 ma.kr. í júní til ágúst og var neikvæð um rúma 10 ma.kr. frá lokum febrúar þegar fyrstu smita gætti hér á landi.

Þróun skulda einkageirans

Hægt hafði á skuldavexti heimilanna og var raunvöxturinn tæplega 3% í lok annars ársfjórðungs, samanborið við tæplega 4% í lok þess fyrsta. Vægi óverðtryggðra lána í skuldum heimilanna hélt áfram að aukast. Gengis- og verðlagsleiðréttur skuldavöxtur fyrirtækja var 0,6% í lok annars ársfjórðungs, samanborið við lítilsháttar samdrátt í lok fyrsta ársfjórðungs. Á heildina litið hafði skuldavöxtur einkageirans lítið breyst sl. ársfjórðung.

Bankakerfið

Lausafjárstaða stóru bankanna þriggja var áfram sterk. Hinn 16. september áttu bankarnir lausar eignir umfram lágmarks lausafjárkröfur sem námu tæplega 255 ma.kr. og hafði staðan lækkað um 15 milljarða frá fundi nefndarinnar í júní. Álagspróf á lausafjástöðu bankanna benda til að þeir poli mikið útflæði.

Álag á erlendar skuldabréfaútgáfur bankanna hafði lækkað verulega milli funda. Er þetta í samræmi við alþjóðlega þróun. Álagið er nú heldur hærra en fyrir farsóttina. Rúm lausafjárstaða í erlendum gjaldeyri hefur veitt bönkunum svigrúm til að takast á við krefjandi markaðsaðstæður erlendis án þess að þeir hafi þurft að ráðast í skuldabréfaútgáfur. Vaxtaálag á sértryggðum bréfum bankanna umfram ríkisbréf hafði einnig lækkað áfram á milli funda og var svipað og fyrir útbreiðslu farsóttarinnar.

Tap stóru bankanna þriggja á fyrri árshelmingi ársins nam 0,7 ma.kr. Uppgjör bankanna voru lituð af aukinni virðisrýrnun og nam hún rúmlega 23 ma.kr. á árshelmingnum. Viðbúið er að til frekari virðisrýrnunar komi á næstu ársfjórðungum dragist farsóttin á langinn. Þrátt fyrir þetta er eiginfjárstaða bankanna mjög sterk og var eiginfjárhlutfall þeirra að meðaltali 24,8% í lok júní sl. samanborið við 22,4% í lok desember 2019. Sterk eiginfjárstaða og aflétting sveiflujöfnunaraukans veitir bönkunum svigrúm til að takast á við aukið útlánatap og halda þrótti til nýrra útlána á sama tíma.

Um miðjan september sl. voru um 190 ma.kr. af útlánnum stóru bankanna þriggja í greiðsluhléi vegna farsóttarinnar. Það voru rúmlega 6% af útlánnum bankanna til viðskiptavina en hlutfallið hafði lækkað hratt vikurnar á undan, þar sem 6 mánaða greiðslufrestur var í mörgum tilvikum á enda runninn. Greiðsluhlé voru algengari hjá fyrirtækjum eða tæplega 9% samanborið við rúmlega 3% af útlánnum til heimila. Nær fjórðungur útlána til ferðaþjónustufyrirtækja var í greiðsluhléi, um 12% af lánum til þjónustu og um 10% lána til verslunar. Hlutfallið var lægra í öðrum atvinnugreinum. Vanskil höfðu aukist. Frá áramótum til loka júlí hafði hlutfall útlána bankanna til heimila í vanskilum hækkað úr 2,1% í 2,7% og hjá fyrirtækjum úr 4,8% í 8,9%.

Fasteignamarkaðurinn

Árshækkun raunverðs íbúðarhúsnæðis á höfuðborgarsvæðinu var 1,9% í ágúst. Utan höfuðborgarsvæðisins var árshækkunin 8,6% á sama tíma. Velta milli ára hafði dregist verulega saman á öðrum ársfjórðungi eða um 35%. Mælingin á veltunni einkennist þó að einhverju leyti af töfum í þinglýsingu vegna fjölgunar á öðrum skjölum en kaupsamningum s.s. lánaskjölum vegna endurfjármögnunar. Heimilin hafa verið í auknum mæli að endurfjármagna húsnæðislán í kjölfar lækkunar vaxta og fært sig úr verðtryggðum lánum í óverðtryggð. Gögn úr greiðslumati kerfislega mikilvægu bankanna benda til að lántakar með lægra veðsetningarhlutfall hafi fært sig til bankanna og hafa útlánagæði bankanna á nýjum íbúðalánnum því aukist.

Verðvísitala atvinnuhúsnæðis á höfuðborgarsvæðinu stóð nánast í stað á öðrum ársfjórðungi en árslækkunin nam um 21% að raunvirði. Velta hafði dregist mikið saman eða um nærri 50% að raunvirði á öðrum ársfjórðungi m.v. sama tíma í fyrra. Mörg hótél og gistiheimili eru enn í byggingu. Á höfuðborgarsvæðinu voru í byggingu um 16% af því gistirými sem þegar er til staðar en á landinu öllu var hlutfallið um 10%.

Fjármálainnviðir

Framundan væri frekari endurnýjun á helstu grunninnviðum, bæði hjá Seðlabankanum og viðskiptabönkunum. Innleiðingu nýrra fjármálainnviða fylgir töluvert álag og smitáhrif ef eitthvað fer úrskeiðis. Rekstrarfrávikum í millibankakerfunum hafði fækkað en þau náðu hámarki árið 2018 í kjölfar gangsetningar nýrra greiðslu- og innlánakerfa hjá hluta viðskiptabankanna. Áherslur stjórnvalda og alþjóðastofnana um heim allan hafa í auknu mæli beinst að öryggi net- og upplýsingakerfa ýmissa mikilvægra samfélagsinnviða, þ.m.t. á sviði fjármálaþjónustu. Rafræn íslensk smágreiðslumiðlun er að meginstofni til byggð ofan á alþjóðlega greiðslukortainnviði og færsluhirðing fer nú að stærstum hluta í gegnum alþjóðleg kortakerfi. Notkun reiðufjár í staðgreiðsluviðskiptum hefur um langt skeið verið lítill hluti af innlendri greiðslumiðlun og hefur notkun þess enn minnkað eftir að faraldurinn hófst.

Fjármálasveiflan

Upptaktur fjármálasveiflunnar virtist hafa stöðvast. Skuldasveifla einkageirans var enn í upptakti en húsnæðis- og fjármögnunarsveiflan höfðu staðnað. Vaxtalækkarnir höfðu blásið lífi í áframhaldandi skuldavöxt heimila en meiri óvissa væri meðal fyrirtækja. Þó gætu aðgerðir stjórnvalda svo sem brúar- og stuðningslán til fyrirtækja ýtt undir skuldavöxt. Verðhækkarnir á íbúðamarkaði sl. mánuði gætu bent til að húsnæðissveiflunni vaxi fiskur um hrygg á næstu mánuðum. Vaxtaálag á fjármagnsmörkuðum hafði einnig lækkað sem gæti ýtt undir fjármögnunarsveifluna. Óvissan um þróun næstu missera væri þó mikil.

II Ákvarðanir er varða fjármálastöðugleika

Nefndin ræddi aðgerðirnar sem Seðlabankinn og stjórnvöld hafa gripið til vegna farsóttarinnar en þær höfðu beinst að því að varðveita kaupmátt, styðja við heimili og fyrirtæki sem orðið hafa fyrir verulegu tekjufalli og auka svigrúm og útlánagetu fjármálafyrirtækja. Nefndin taldi aðgerðirnar hafa mildað höggið af farsóttinni. Farsóttin væri hins vegar að dragast á langinn og óvissa um efnahagshorfur hafi aukist. Var það því mat nefndarinnar að horfur fyrir fjármálastöðugleika hefðu versnað frá síðasta fundi nefndarinnar og hefði hún því minni áhyggjur nú af neikvæðum áhrifum slakara aðhalds stjórnækja bankans.

Nefndarmenn voru sammála um að útlánaáhætta fjármálafyrirtækja hefði aukist. Nauðsynlegt væri að þau færu markvisst en af varfærni í að endurskipuleggja útlán þeirra sem hafa orðið fyrir mestu tekjufalli. Endurskipulagning útlána muni treysta stoðir fjármálakerfisins og skapa svigrúm fyrir viðspyrnu í atvinnulífinu. Vegna óvissunnar væri þó mikilvægt að greina á milli þeirra fyrirtækja sem við eðlilegar aðstæður væru lífvænleg og þeirra sem ekki væru það. Lögðu nefndarmenn áherslu á að þetta væri vandasamt verk og að mikil ábyrgð hvíldi á fjármálafyrirtækjunum en að enginn væri í betri aðstöðu til verksins.

Taldi nefndin viðbúið að áhrif aukins atvinnuleysis og áframhaldandi óvissu vegna farsóttarinnar færi að gæta í auknum mæli hjá heimilum og kæmi fram m.a. í einkaneyslu og í auknum vanskilum. Taldi nefndin að geta bankanna til að bregðast við versnandi aðstæðum væri enn næg þar sem lausafjár- og eiginfjárstaða þeirra væri sterk. Ef ástandið drægist verulega á langinn gæti þó þurft að grípa til frekari aðgerða til að auka svigrúm fjármálafyrirtækja til viðbragða.

Nefndarmenn töldu jákvætt að álag á skuldabréfaútgáfur stóru bankanna erlendis hafi farið lækkandi í takt við alþjóðlega þróun. Taldi nefndin mikilvægt að bankarnir nýttu stöðuna til að lengja í núverandi fjármögnun og viðhalda þannig hlutföllum stöðugar fjármögnunar (e. NSFR) í erlendum gjaldeyri. Það hefði sýnt sig á síðustu mánuðum hversu mikilvægt væri fyrir bankana að viðhalda rúmri lausafjárstöðu í erlendum gjaldmiðlum.

Nefndin taldi að aðgerðir Seðlabankans hefðu stutt við eignamarkaði, einkum fasteignamarkaðinn. Vísbendingar væru um að dregið hefði úr framboði á fasteignamarkaði en á móti hefði framboð leiguhúsnæðis aukist sem ætti að draga úr eftirspurn eftir íbúðahúsnæði til kaups til lengri tíma litið. Mikið hafði verið um endurfjármögnun íbúðalána undanfarna mánuði, samfara lækkandi vaxtastigi. Vísbendingar væru hins vegar um að endurfjármögnun hefði náð hámarki. Nefndarmenn ræddu breytingu á samsetningu íbúðalána heimilanna. Gögn frá bönkunum um greiðslumat nýrra lána bentu til að tilfærsla

hefði átt sér stað innan kerfisins á traustum lántakendum aðallega frá lífeyrissjóðum til bankanna og að gera mætti ráð fyrir að þetta væru lántakendur sem ráði betur við sveiflur í greiðslubyrði af óverðtryggðum lánnum með breytilegum vöxtum. Nefndarmenn ræddu almennt kosti og ókosti ólíkra lánsforma íbúðalána og töldu jákvætt að heimilin nýttu sér þá valkosti sem í boði væru en að mikilvægt væri að greiðslumöt væru þannig úr garði gerð að lántakendur hefðu borð fyrir báru til að bregðast við breyttum aðstæðum.

Nefndin ræddi stöðuna á gjaldeyrismarkaði. Verulegur samdráttur hefur orðið í útflutningi vegna samdráttar í ferðaþjónustu en á móti hefði vegið að einnig væri mikill samdráttur í innflutningi, m.a. vegna færri ferða Íslendinga erlendis. Þrátt fyrir útflæði vegna sölu erlendra aðila á verðbréfum og aukin gjaldeyriskaup lífeyrissjóðanna hefur gengið haldist nokkuð stöðugt. Nefndin taldi að gjaldeyrissala Seðlabankans ætti þátt í að auka dýpt og stuðla að betri verðmyndun á gjaldeyrismarkaði.

Nefndin ræddi stöðu lífeyrissjóðanna og áhrif þeirra á fjármálamarkaði. Sjóðirnir séu ráðandi fjárfestar hér á landi og mikilvægt væri að breið sátt ríki um umgjörð þeirra. Nefndin hafði áhyggjur af stöðu sjóðanna í ljósi núverandi vaxtaumhverfis sem gæti aukið áhættutöku þeirra í leit að hærri ávöxtun. Nefndin ákvað að halda áfram umfjöllun um sjóðina á næsta fundi nefndarinnar.

Nefndin ræddi einnig mikilvægi þess að grunnstoðir smágreiðslumiðlunar á Íslandi væru traustar og að virkni þeirra væri ekki háð ákvörðunartöku erlendra aðila. Mikilvægt væri því að halda áfram vinnu við að koma á fót innlendri leið í smágreiðslumiðlun til að tryggja fjármálastöðugleika og þjóðaröryggi.

Sveiflujöfnunaraukinn

Í ljósi aðstæðna í efnhagslífinu og þess að farsóttin yrði langdregnari en vonir stóðu til var það mat nefndarinnar að ekki væru komnar fram neinar nýjar forsendur til að víkja frá ákvörðun nefndarinnar frá því í mars sl. um að halda sveiflujöfnunaraukanum óbreyttum fram í mars 2021. Engin merki væru komin fram um að sveiflutengd kerfisáhætta væri að aukast á nýjan leik og taldi nefndin að það svigrúm sem lækkun aukans hefði skapað þyrfti að vera til staðar enn um sinn.

Seðlabankastjóri lagði fram tillögu um óbreyttan sveiflujöfnarauka, 0%, í samræmi við yfirlýsingu nefndarinnar frá því í mars sl. um að halda aukanum óbreyttum að minnsta kosti fram í mars 2021. Allir nefndarmenn studdu tillögu seðlabankastjóra.

Eftirfarandi nefndarmenn sátu fundinn:

Ásgeir Jónsson, seðlabankastjóri og formaður nefndarinnar

Gunnar Jakobsson, varaseðlabankastjóri fjármálastöðugleika

Rannveig Sigurðardóttir, varaseðlabankastjóri peningastefnu

Unnur Gunnarsdóttir, varaseðlabankastjóri fjármálaeftirlits

Axel Hall, utanaðkomandi nefndarmaður

Bryndís Ásbjarnardóttir, utanaðkomandi nefndarmaður

Guðmundur Kr. Tómasson, utanaðkomandi nefndarmaður

Tómas Brynjólfsson, skrifstofustjóri í fjármála- og efnahagsráðuneytinu, sat fundinn með málfrelsi og tillögurétt.

Haukur C. Benediktsson, framkvæmdastjóri fjármálastöðugleikasviðs Seðlabankans, sat allan fund nefndarinnar. Þar að auki sátu fjölmargir starfsmenn Seðlabankans hluta fundarins.

Eggert Þ. Þórarinsson ritaði fundargerð.



Fjármálastöðugleikanefnd Seðlabanka Íslands

Fundargerð fjármálastöðugleikanefndar Seðlabanka Íslands

Fundur 14.-15. desember 2020 (6. fundur)

Birt: 29. mars 2021

Lög um Seðlabanka Íslands kveða svo á að það sé hlutverk fjármálastöðugleikanefndar að taka ákvarðanir um beitingu stjórnækja bankans á sviði fjármálastöðugleika. „Opinberlega skal birta ákvarðanir fjármálastöðugleikanefndar um beitingu stjórnækja á sviði fjármálastöðugleika og gera grein fyrir forsendum þeirra og mati á ástandi, svo og birta fundargerðir þess efnis, nema ef ætla má að opinber birting geti haft neikvæð áhrif á fjármálastöðugleika.“ Í samræmi við lögina hefur fjármálastöðugleikanefnd ákveðið að birta fundargerðir af fundum sínum að jafnaði innan fjögurra vikna.

Á fundi fjármálastöðugleikanefndar 14. og 15. desember 2020 ákvað nefndin að halda sveiflujöfnunaraukanum óbreyttum. Jafnframt ákvað nefndin að skilgreina nýtt millibankakerfi Seðlabankans og verðbréfauppgjörskerfi Nasdaq CSD SE sem kerfislega mikilvæga innviði.

Nefndarmenn ræddu um stöðu og horfur fyrir fjármálastöðugleika, stöðu efnahagsmála, þróun á innlendum fjármálamörkuðum, stöðu og áhættu í fjármálakerfinu og í rekstri einstakra fjármálafyrirtækja, fasteignamarkaðinn, fjármálainnviði, lífeyrissjóðina, skilavald og fjármálasveifluna. Til grundvallar lágu upplýsingar um stöðuna og þróunina frá síðasta fundi nefndarinnar seinni hlutann í september.

Ákvarðanir er varða fjármálastöðugleika

Það var mat nefndarinnar að horfur fyrir fjármálastöðugleika væru óbreyttar frá síðasta fundi nefndarinnar. Efnahagshorfur höfðu heldur versnað samkvæmt þjóðhagsspá Seðlabankans sem birt var í *Peningamálum 2020/4* en staða fjármálakerfisins var áfram styrk.

Staða bankakerfisins styður mat nefndarinnar, en það hefur sýnt viðnámsprótt og stutt við fyrirtæki og heimili í gegnum efnahagsáfallið og þrátt fyrir umtalsverða virðisýrnun fyrstu níu mánuði ársins 2020 voru bankarnir reknir með hagnaði. Lausafjárstaða kerfislega mikilvægra banka er sterk, 217 ma.kr. umfram kröfu, og eiginfjárstaða þeirra styrktist úr 22,4% í árslok 2019 í 24,4% í lok september sl. Fjármögnun bankanna hefur gengið með ágætum og er

lækkun álags á erlendar skuldabréfaútgáfur þeirra milli funda til frekara marks um styrk þeirra. Ljóst er að mati nefndarinnar að aðgerðir Seðlabankans og stjórnvalda hafa mildað höggið og stutt við fjármálastöðugleika á síðustu mánuðum.

Blikur voru þó á lofti þar sem hlutfall útlána kerfislegra mikilvægra banka í vanefndum hafði hækkað og merki voru um að útlánaáhætta væri að raungerast þar sem bankarnir væru byrjaðir að endurskipuleggja útlán stórra fyrirtækja í ferðapjónustu. Slík endurskipulagning er nauðsynleg til að viðspyrnan geti orðið kröftug þegar tekst að vinna bug á farsóttinni. Auk þessa hafði lausafjárstaða bankanna rýrnað um 38 ma.kr. milli funda og vaxtaálag á sértryggð bréf þeirra umfram ríkisbréf hækkað á sama tíma. Þetta er áskorun fyrir bankakerfið en nefndin taldi allar líkur á að þrótturinn haldist.

Nefndin taldi jákvætt að sjá hóflegan skuldavöxt einkageirans á árinu, sem gæti verið vísbending um að viðspyrnan yrði sterkari en vænst er. Raunvöxtur skulda heimilanna var tæplega 4% í lok þriðja ársfjórðungs og gengis- og verðlagsleiðréttur skuldavöxtur fyrirtækja var tæplega 2%. Rætt var um tilfærslu á skuldum heimilanna úr verðtryggðum í óverðtryggðar. Töldu nefndarmenn nú sem fyrr mikilvægt að lánastofnanir gættu þess að greiðslumöt tækju mið af því að vextir myndu hækka á nýjan leik og að lántakendur gætu mætt því. Bent var á að aukið vægi óverðtryggðra lána í skuldum heimila yki virkni peningastefnunnar þar sem greiðslubyrði heimilanna tæki í auknum mæli mið af nafnvöxtum.

Hlutabréfaverð hafði hækkað frá síðasta fundi nefndarinnar og fram kom að það gæti bent til aukins krafts í innlenda hagkerfinu. Lægri ávöxtun á öðrum fjárfestingakostum gæti líka verið orsök. Úrvalsvísitalan Kauphallarinnar, OMXI10, hafði hækkað um 14% milli funda og velta aukist verulega. Ávöxtunarkrafa óverðtryggðra og verðtryggðra ríkisbréfa hafði hækkað nokkuð á milli funda, einkum á bréfum með lengri líftíma þar sem eftirspurn er minni. Gengi krónunnar hafði hækkað um 4% á sama tíma. Hlutur Seðlabankans af gjaldeyrisveltu hafði aukist bæði vegna aukinna inngrípa til að draga úr gengissveiflum og reglubundinnar gjaldeyris sölu til að auka dýpt markaðarins sem hófst í september. Nettó kaup lífeyrissjóðanna á gjaldeyri höfðu minnkað og fjármagnsflæði vegna nýfjárfestingar var áfram neikvætt.

Nefndin ræddi einnig stöðuna á fasteignamarkaðnum. Höfðu nefndarmenn áhyggjur af væntum skorti á framboði húsnæðis á höfuðborgarsvæðinu. Enn væru verðhækkningar þó hóflegar og ekki hefðu komið fram vísbendingar um óheilbrigðan skuldavöxt. Nefndarmenn voru sammála um að komi fram merki um annað væri nefndin reiðubúin til að beita þeim tækjum sem hún hefur yfir að ráða á lánamarkaði til að draga úr líkum á eignabólu.

Aðgerðir Seðlabankans eftir að farsóttin skall á hafa aukið laust fé í umferð, á móti hefur bankinn dregið til sín laust fé með gjaldeyrisinngrípum. Nefndarmenn töldu að nauðsynlegt væri að tryggja að bankarnir hefðu greiðan aðgang að lausu fé. Óheppilegt væri hins vegar ef innri viðmið bankanna öftruðu þeim frá því að nýta núverandi lausafjárstöðu til að auka útlán. Nefndin lýsti yfir vilja til styðja við að bankarnir gætu nýtt núverandi lausafjárstöðu og beindi því til seðlabankastjóra að skoða frestun á lækkun lágmarks lausafjárhlutfallsins í krónum sem fyrirhuguð er í upphafi árs 2021.

Kom fram að takturinn í fjármálasveiflunni hafi að mestu leyti staðnað. Skuldasveifla einkageirans var enn í upptakti bæði vegna aukinna skulda heimilanna en einnig vegna samdráttar landsframleiðslu. Á móti höfðu húsnæðis- og fjármögnunarsveiflan staðnað eða jafnvel lækkað lítillega. Verðhækkningar á íbúðamarkaði á sl. mánuðum gætu verið vísbending um að húsnæðissveiflunni yxi fiskur um hrygg á næstu mánuðum. Vaxtaálag á fjármagnsmörkuðum hafði einnig lækkað sem gæti ýtt undir fjármögnunarsveifluna.

Þá hélt nefndin áfram umræðu frá síðasta fundi um stöðu lífeyrissjóðanna. Kom fram í umræðunni að raunávöxtun sjóðanna hefði verið ágæt á síðustu árum en að lágvaxtaumhverfið gæti skapað nýjar áskoranir fyrir sjóðina sem eru kerfislega mikilvægir, sérlega ef ávöxtunarviðmið þeirra yrði fyrir ofan áhættulausa vexti í hagkerfinu til lengri tíma. Auk þess væri meðallíftími skuldbindinga sjóðanna tvöfaldur líftími eignanna. Kom fram að þetta gæti leitt til aukinnar áhættusækni sjóðanna og minni vilja til að binda fjármagn í öruggari innlendri fjárfestingu sem gæti samtímis bæði verið ógn fyrir gjaldeyrismarkaðinn og lausafjárstöðuna í fjármálakerfinu. Í því samhengi var bent á að lífeyrissjóðirnir eiga um og yfir helming af öllum útgefnum innlendum verðbréfum. Ekki væri þó einsýnt að lækkun á ávöxtunarviðmiðinu ein og sér myndi leysa þennan vanda. Bent var á að breytingar á ávöxtunarviðmiði væri ekki einföld aðgerð heldur gæti það haft ýmis afleidd áhrif eins og á útgjöld hins opinbera, réttindi og stuðning almennings við lífeyrissparnað. Lækkun ávöxtunarviðmiðs úr 3,5% í 3% gæti lækkað tryggingafræðilega stöðu sjóðanna um 7-10%. Voru nefndarmenn sammála um að þetta viðfangsefni þarfnist áframhaldandi skoðunar. Nefndin taldi að umgjörð sjóðanna þyrfti að taka mið af stöðu þeirra sem ráðandi fjárfesta hér á landi og að þeir væru kerfislega mikilvægir. Eignir íslensku lífeyrissjóðanna sem hlutfall af landsframleiðslu eru með því hæsta sem þekkt í heiminum og jókst það úr 66% af VLF árið 1997 í 178% árið 2019. Rætt var um að skoða hvort þurfi að setja stífari ramma um starfsemi sjóðanna og víkka út stýritæki fjármálastöðugleika svo að þau nái betur yfir starfsemi sjóðanna.

Nefndin ræddi um skilavald (e. resolution authority) sem Seðlabankanum var nýlega falið, en í því felst heimild til að taka ákvarðanir um skilameðferð og beitingu skilaúrræða hjá fjármálafyrirtæki sem ekki getur, eða mun geta, staðið við skuldbindingar sínar. Voru nefndarmenn sammála um að hér væri komin mikilvæg viðbót við tæki Seðlabankans til að tryggja fjármálastöðugleika.

Sveiflujöfnunaraukinn

Þar sem horfur væru á að farsóttin yrði langdregnari en áður var talið var það mat nefndarinnar að ekki væru komnar fram vísbendingar sem gæfu tilefni til að víkja frá ákvörðun nefndarinnar í mars 2020 um að halda sveiflujöfnunaraukanum óbreyttum fram í mars 2021. Ekki væru komin fram skýr merki um að sveiflutengd kerfisáhætta væri að aukast á nýjan leik þrátt fyrir skuldavöxt heimila og hækkandi fasteignaverð.

Með hliðsjón af umræðunni lagði seðlabankastjóri fram tillögu um óbreyttan sveiflujöfnunarauka, 0%, í samræmi við yfirlýsingu nefndarinnar frá því í mars 2020 um að halda aukanum óbreyttum að minnsta kosti fram í mars 2021. Allir nefndarmenn studdu tillögu seðlabankastjóra.

Kerfislega mikilvægir fjármálainnviðir

Að mati nefndarinnar kalla miklar og örar breytingar á sviði fjármálainnviða á aukna athygli nefndarinnar. Mikilvægt væri að horfa til bæði öryggis, þar með talið netöryggi, og hagkvæmni við endurnýjun innviða og þróun á nýjum lausnum. Bent var á að við greiðslumiðlun tengjast allir innviðir með einum eða öðrum hætti og endanlegt greiðsluuppgjör þeirra fer fram í gegnum millibankakerfi Seðlabanka Íslands.

Nefndin ræddi sérstaklega nýtt millibankakerfi Seðlabankans, verðbréfauppgjörskerfi Nasdaq CSD SE á Íslandi, SWIFT-greiðslugátt og smágreiðslumiðlun. Út frá þjóðaröryggi taldi nefndin mikilvægt að styrkja stoðir innlendrar smágreiðslumiðlunar með því að stuðla að innleiðingu greiðslulusna milli innlánsreikninga (account-to-account), sambærilegt við það sem gerist annars staðar á Norðurlöndunum. Sérstaklega væri þetta mikilvægt til að stuðla að aukinni hagkvæmni og tryggja valkost við erlendar kortalausnir sem væru ráðandi á íslenskum fjármálamarkaði. Einnig var rætt um mikilvægi þess að umgjörð um greiðslur milli landa væri trygg. Nefndarmenn voru sammála um að skoða þyrfti sérstaklega stöðu Reiknistofu bankanna þar sem félagið væri kerfislega mikilvægur þjónustuveitandi fyrir innlandan fjármálamarkað.

Í kjölfar umræðunnar og að tillögu fjármálastöðugleikasviðs Seðlabankans lagði seðlabankastjóri til að nýtt millibankakerfi Seðlabankans og verðbréfauppgjörskerfi Nasdaq CSD SE, útibús á Íslandi, skuli teljast kerfislega mikilvægir innviðir í skilningi d-liðar 13. gr. laga nr. 92/2019, um Seðlabanka Íslands. Allir nefndarmenn studdu tillögu seðlabankastjóra.

Eftirfarandi nefndarmenn sátu fundinn:

Ásgeir Jónsson, seðlabankastjóri og formaður nefndarinnar

Gunnar Jakobsson, varaseðlabankastjóri fjármálastöðugleika

Rannveig Sigurðardóttir, varaseðlabankastjóri peningastefnu

Unnur Gunnarsdóttir, varaseðlabankastjóri fjármálaeftirlits

Axel Hall, utanaðkomandi nefndarmaður

Bryndís Ásbjarnardóttir, utanaðkomandi nefndarmaður

Guðmundur Kr. Tómasson, utanaðkomandi nefndarmaður

Tómas Brynjólfsson, skrifstofustjóri í fjármála- og efnahagsráðuneytinu, sat fundinn með málfrelsi og tillögurétt.

Haukur C. Benediktsson, framkvæmdastjóri fjármálastöðugleikasviðs Seðlabankans, sat allan fund nefndarinnar. Þar að auki sátu fjölmargir starfsmenn Seðlabankans hluta fundarins.

Eggert Þ. Þórarinsson ritaði fundargerð.



18. mars 2020


Eiginfjárukar

Með innleiðingu tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2013/36/EU (CRD IV) í íslensk lög fólst innleiðing fjögurra eiginfjáruka; eiginfjáruka vegna kerfislegs mikilvægis, eiginfjáruka vegna kerfisáhættu, sveiflujöfnunarauka og verndunarauka. Eiginfjárukarnir eru viðbótareiginfjárkröfur sem leggjast ofan á lágmarkseiginfjárkröfur sem ákveðnar eru af fjármálaeftirlitsnefnd Seðlabanka Íslands. Hver eiginfjáruki hefur ákveðnu hlutverki að gegna og er ætlað að mæta kerfisáhættu af ákveðnum toga en sameiginlegt markmið þeirra er að styrkja viðnámsþrótt fjármálafyrirtækja og þar með stöðugleika fjármálakerfisins.

Uppfylli fjármálafyrirtæki ekki eiginfjáruka gilda reglur um hámarksútgreiðslufjárhæð og takmarkanir á útgreiðslum fjármálafyrirtækja vegna eiginfjáruka.¹ Almennt séð takmarka reglurnar getu fjármálafyrirtækja til að greiða út arð, kaupauka og vexti blendingsbréfa² uppfylli þau ekki samanlagða kröfu um eiginfjáruka. Krafan um að viðhalda eiginfjárukunum er því annars eðlis en lágmarkskrafa um eiginfjárgrunn, að því leyti að séu þær síðarnefndu ekki uppfylltar þá telst fjármálafyrirtæki ekki starfhæft. Eiginfjáruki vegna kerfisáhættu er þó sérstakur í þessu tilliti þar sem Seðlabankinn hefur m.a. heimild til þess að afturkalla starfsleyfi fjármálafyrirtækis uppfylli það ekki kröfu um hann að því gefnu að takmarkanir á útgreiðslum hafi ekki náð tilætluðum árangri.

¹ Reglur nr. 1270/2015.

² Víkjandi skuldabréf sem tilheyra eigin fé af þætti 1 eða 2.



Mynd 1: Röðun eiginfjárfrafna og samsetning

Sveiflujöfnunarauki

Sveiflujöfnunarauki (e. countercyclical capital buffer, CCyB) er breytilegur eiginfjárauki sem ætlað er að mæta sveiflutengdri kerfisáhættu. Með því að hækka sveiflujöfnunaraukann samhliða upptakti fjármálasveiflunnar er skapað svigrúm til lækkunar hans þegar kerfisáhætta raungerist eða fjármálaáfall verður.³ Við lækkun hans fá því einstaka lánstofnanir svigrúm til að vinna úr auknu útlánatapi og draga úr neikvæðum áhrifum á miðlun lánsfjármagns. Jafnframt getur hækkunin mildað óhóflegan útlánavöxt í uppsveiflu og þar með mögulega unnið gegn aukningu sveiflutengdrar áhættu. Viðnámsþróttur fjármálakerfisins gagnvart sveiflutengdri kerfisáhættu eykst því.

Sveiflujöfnunaraukinn hefur einnig nokkra sérstöðu þar sem ákveða skal ársfjórðungslega hvort honum skuli breytt, en aðrar eiginfjárkröfur eru fastar eða aðeins endurskoðaðar á eins til tveggja ára fresti. Af eiginfjárkröfunum er hann því virkasta stýritækið.⁴

Breytingar á sveiflujöfnunaraukanum skulu vera að minnsta kosti 0,25 prósentur í einu, en geta einnig verið margfeldi af því. Lögum samkvæmt eru engin efri mörk á því hversu háa kröfu má gera um sveiflujöfnunarauka. Þó er gerður greinarmunur á því hvort krafan liggur á bilinu 0-2,5% af áhættugrunni eða er hærri. Krafan skal því aðeins hækkuð upp fyrir 2,5% að tilteknir áhættuþættir sem miðað er við gefi tilefni til þess. Má túlka það sem svo að sterk

³ Með upptakti fjármálasveiflunnar er hér átt við tímabil þegar eignaverð eða skuldsetning aukast ört eða áhættutaka vex með öðrum hætti. Fjármálasveiflur hafa einnig verið nálgðar með rekjanlegum hætti, sjá t.d. Bjarni G. Einarsson o.fl. (2016).

⁴ Kveðið er á um heimild Seðlabankans til að gera kröfu um sveiflujöfnunarauka í lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, 3. mgr. 86. gr. a. og 86. gr. d.

merki um myndun sveiflutengdrar kerfisáhættu þurfi að vera til staðar þegar hærrí auki en 2,5% er ákveðinn. Sé aukinn hækkadur umfram 2,5% gildir heldur ekki sjálfvirk gagnkvæmni (e. reciprocity) á milli landa innan EES. Tólf mánaða aðlögunarfrestur frá því að tilkynnt er um hækkun aukans þar til ákvörðunin tekur gildi er lögbundinn en lækkun aukans getur hins vegar tekið gildi um leið og tilkynnt er um ákvörðunina. Verðbréfafyrirtæki og rekstrarfélög verðbréfasjóða með takmörkuð umsvif eru undanþegin sveiflujöfnunaraukanum.⁵

Í hverju landi nær krafan um sveiflujöfnunarauka einungis til innlendra áhættuskuldbindinga. Fjármálafyrirtæki með eignir í fleiri en einu landi þurfa að viðhalda sveiflujöfnunarauka sem er vegið meðaltal sveiflujöfnunarauka í viðkomandi löndum.⁶

Sveiflutengd kerfisáhætta

Reynslan sýnir að í bankakreppum ríkir aukin óvissa um heimtur á eignum bankakerfisins, sem veldur því að hver og einn banki stendur vörð um eiginfjárstöðu sína sem mest hann má. Í stað þess að afskrifa töpuð útlán, viðhalda heilbrigðu lánsfjárframboði og leyfa eiginfjárlutföllum að síga tímabundið, hafa bankar tilhneigingu til að halda að sér höndum og lána lítið sem ekkert út. Minna framboð lánsfjár veldur samdrætti í fjárfestingu sem dregur úr efnahagsumsvifum. Það stuðlar að lækkun eignaverðs, fjölgar gjaldþrotum fyrirtækja, eykur atvinnuleysi og grefur þannig enn frekar undan útlánagæðum. Áhyggjur af eignasöfnum banka magnast þá enn frekar. Þegar sveiflutengd kerfisáhætta raungerist á þennan hátt verður því neikvæð keðjuverkun milli útlána, efnahagsumsvifa og eignaverðs sem magnar hagræna niðursveiflu og veldur dýpri kreppu en ella.⁷ Viðleitni banka til að virða eiginfjárkröfur og vernda kröfuhafa getur m.ö.o. verið sveiflumagnandi.

Aflétting

Það er stefna stjórnvalda að aflétta kröfunni um sveiflujöfnunarauka, í heild eða að hluta, þegar sveiflutengd kerfisáhætta hefur raungerst eða er líkleg til að raungerast í því skyni að stuðla að nægu lánsfjárframboði í niðursveiflunni og milda þannig efnahagssamdráttinn. Sveiflujöfnunaraukanum er ætlað að milda þá þróun sem lýst var hér að framan með því að gera bönkum kleift að takast á við niðursveiflu og aukin útlánatöp án þess að draga úr framboði

⁵ Skv. 4. mgr. 86. gr. d. í lögum um fjármálafyrirtæki eru verðbréfafyrirtæki og rekstrarfélög verðbréfasjóða undanþegin ef þau hafa færri ársverk en 250, ársvelta er undir jafnvirði 50 milljóna evra í íslenskum krónum eða eignir samkvæmt ársreikningi fara ekki yfir jafnvirði 43 milljóna evra í íslenskum krónum. Krafa um sveiflujöfnunarauka hefur því náð til allra banka og sparisjóða auk Borgunar, Valitors, Bygðastofnunar, Lánasjóðs sveitarfélaga og Lykils fjármögnunar.

⁶ Taka má tilbúið dæmi af banka sem á aðeins eignir á Íslandi og í Danmörku. Bankinn á 100 ma.kr. útlánasafn á Íslandi, þar sem krafa er um 2% sveiflujöfnunarauka, en útlánasafn að jafnvirði 25 ma. íslenskra króna í Danmörku, þar sem krafa er um 1% sveiflujöfnunarauka. Skv. reglunum þarf slíkur banki á heildina að viðhalda 1,8% sveiflujöfnunarauka, þar sem $(100*2\%+25*1\%)/(100+25) = 1,8\%$. Nánari útlitun á útreikningi virks sveiflujöfnunarauka má finna í viðauka III við almenn viðmið og aðferðafræði Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands vegna könnunar- og matsferlis hjá fjármálafyrirtækjum (<https://www.fme.is/media/vidmid-fme/Annex-3-2020.pdf>)

⁷ Sjá t.d. Bernanke, Gertler og Gilchrist (1999) sem lýsa kenningunni um fjármálhæðalinn (e. the financial accelerator) með formlegu líkani. Sjá einnig líkan Kiyotaki og Moore (1997) sem lýsir samverkun minnkandi efnahagsumsvifa, lækkandi eignaverðs og lánsfjárskömmtunar, sem saman geta magnað hagsveiflur og skuldasveiflur.

lánsfjár.⁸ Einnig má aflétta kröfunni að hluta við aðstæður þar sem markvert dregur úr sveiflutengdri kerfisáhættu án stórra áfalla.

Í almennri þjóðmálaumræðu gætir stundum misskilnings um það hvenær sveiflujöfnunarauka skuli aflétt. Hann má oft rekja til þess að ekki er gerður nægilegur greinarmunur á hagsveiflum annars vegar og fjármálasveiflum hins vegar. Með fjármálasveiflum er átt við sveiflur í fjármálastærðum á borð við heildarskuldir heimila og fyrirtækja, eignaverði (einkum fasteignaverði), greiðslubyrði, vogun og fjármögnun banka. Með hagsveiflum er hins vegar átt við sveiflur í þjóðhagsstærðum á borð við framleiðsluspennu, landsframleiðslu, atvinnuleysi og verðbólgu. Það skiptir máli að greina þarna á milli því fjármálasveiflur og hagsveiflur eru um margt ólíkar, þótt þær séu nátengd fyrirbæri. Efnahagslægð fer ekki alltaf saman við fjármálalega niðursveiflu. En þegar það gerist er hættu á að hún verði mun dýpri. Nærtæk dæmi fyrir Ísland væri að bera saman efnahagslægðina árið 2002 og kreppuna 2008-2010. Í fyrra tilvikinu gáfu fasteignaverð og skuldavöxtur einungis lítillega eftir að raungildi. Í seinna tilvikinu lækkaði fasteignaverð um meira en þriðjung og skuldir heimila og fyrirtækja drógust saman um tæplega helming. Þegar efnahagssamdráttur verður án fjármálalegrar niðursveiflu og að miklu leyti án þess að sveiflutengd kerfisáhætta raungerist, er ekki tilefni til að lækka sveiflujöfnunaraukann. Fari efnahagsamdráttur hins vegar saman við að sveiflutengd kerfisáhætta raungerist eru kjöraðstæður til afléttingar.⁹ Í opinberri stefnu um beitingu aukans hér á landi, sem var samþykkt af Fjármálastöðugleikaráði árið 2018, er þess vegna aðeins vísað beint til fjármálasveiflna en ekki hagsveiflna.¹⁰

Þegar sveiflujöfnunarauka er aflétt eða hann lækkaður skaltilkynnt hve langur tími er áætlað að muni líða, hið minnsta, áður en aukinn verður hækkaður á ný.¹¹ Er það gert til þess að fjármálafyrirtæki fái fullvissu fyrir því að svigrúmið sem lækkunin eða afléttingin veitir verði ekki tekið aftur fyrirvaralítið. Þau geti því nýtt svigrúmið til að mæta tapi og viðhalda útlánum. Þegar til kastanna kemur mun ákvörðun um lækkun eða afléttingu sveiflujöfnunaraukans byggja að miklu leyti á eigindlegu mati fjármálastöðugleikanefndar Seðlabanka Íslands. Verði því við komið er æskilegt að matið byggist m.a. á könnun meðal markaðsaðila, mati eftirlitsaðila og álagsprófum.¹² Hafa þarf í huga að áhættuvísar sem stuðst er við þegar sveiflujöfnunarauki er byggður upp eiga ekki endilega við þegar hann er lækkaður eða honum aflétt, nema þá helst í tilfellum þegar áhættan minnkar að hluta. Almennt er talið að hátíðnigögn um stöðu markaða séu bestu vísarnir til að styðjast við ef aflétta á auknum að fullu auk sérfræðimats á skyndilega versnandi horfum.¹³

⁸ Sjá BCBS (2010), CRD IV, ESRB (2016) og AGS (2014).

⁹ Þessi lýsing er í samræmi við tilmæli ESRB (2014) og leiðbeiningar AGS (2014) um beitingu sveiflujöfnunarauka. Drehmann o.fl. (2010) sýna að skuldavöxtur helst oftast en ekki í gegnum minni háttar efnahagsamdrátt. Drehmann o.fl. (2012) sýna að sveiflutengd kerfisáhætta vex oft á sama tíma og það slaknar á heildareftirspurn. Laina o.fl. (2015) kanna merkjasendingar bæði fjármálalegra og þjóðhagslegra áhættuvísa, um yfirvofandi fjármálakreppur. Niðurstaða þeirra er sú að fjármálabreytur gefi áreiðanleg merki, en þjóðhagsstærðir mun síður. Fróðleik um fjármálasveiflur og samspil þeirra við hagsveiflur má nálgast í Borio (2012), Claessens, Kose og Terrones (2011) og fyrir Ísland í Bjarni G. Einarsson o.fl. (2016).

¹⁰ Fjármálastöðugleikaráð (2018).

¹¹ Mælt er fyrir um þetta í CRD IV og í handbók ESRB (2016) um innleiðingu þjóðhagsvarúðartækja.

¹² ESRB (2014).

¹³ ESRB (2016).

Vísar

Greining fyrir virkjun sveiflujöfnunaraukans styðst að miklu leyti við skilgreinda áhættuvísa sem taldir eru gefa áreiðanleg merki um uppbyggingu sveiflutengdrar kerfisáhættu og stöðu fjármálasveiflunnar hverju sinni. Ákvarðanir byggja einnig á öðrum tiltækum upplýsingum og sérfræðimati.¹⁴

Evrópska kerfisáhætturáðið (ESRB) mælast til þess að ríki sem innleiða sveiflujöfnunarauka horfi til sameiginlegs megináhættuvísis. Meginvísirinn er skilgreindur sem frávik skuldahlutfalls frá langtímaleitni.¹⁵ Eiginfjárukaviðmið (e. buffer guide) sem grundvallast á gildi meginvísisins er notað sem sameiginlegur upphafspunktur greiningar á þörfinni fyrir sveiflujöfnunarauka hjá öllum EES-ríkjum. Ef frávik skuldahlutfalls frá langtímaleitni nemur meira en tveimur prósentum mælist ESRB til þess að stjórnvöld virki aukann.¹⁶

Þótt sameiginlegur meginvísir samræmi að nokkru leyti mat á kerfisáhættu milli ríkja er óraunhæft að ætla að stjórnvöld í ólíkum hagkerfum geti reitt sig alfarið á hann einan við sitt mat. Í fyrsta lagi byggir hann á þröngu mengi upplýsinga. Í öðru lagi er útreikningur langtímaleitni háður tæknilegum annmörkum og aðferðina, sem byggir á einfaldri stærðfræðilegri nálgun, skortir hagfræðilegt innsæi. Þetta hefur til dæmis áhrif á leitniútreikning skuldahlutfalls fyrir Ísland. Á vettvangi alþjóðastofnana er unnið að því að breikka grundvöll hinnar samræmdu greiningar til að bæta úr þessum annmörkum. Vegna þessa hefur ESRB með tilmælum sínum jafnframt bent stjórnvöldum á að laga ákvörðunarferli sitt að einkennum hvers fjármálakerfis, styðjast við breitt úrval áhættuvísa og eigindlegra upplýsinga og beita sérfræðimati. Það er sérstaklega viðeigandi fyrir lítil opin hagkerfi eins og Ísland, þar sem hagstærðir geta sveiflast mikið.¹⁷

Þróun skuldahlutfalls, frávik þess frá langtímaleitni, raunvöxtur skulda og raunhækkun fasteignaverðs eru þeir meginvísar sem hafa verið hafðir til hliðsjónar við ákvarðanir um sveiflujöfnunaraukann hér á landi. Þeir vísar voru valdir, til viðbótar við skuldahlutfallið, með hliðsjón af rannsóknum sem sýna sterk tengsl á milli aukinna skulda og hækkunar fasteignaverðs annars vegar og vaxandi sveiflutengdrar kerfisáhættu hins vegar í aðdraganda fjármálakreppu.¹⁸

¹⁴ Sú nálgun að byggja á eins breiðu mengi upplýsinga og vöð er á tíðkast einnig í öðrum ríkjum sem innleitt hafa sveiflujöfnunarauka. Sjá t.d. Juks og Melander (2012) fyrir Svíþjóð, Norges Bank (2019) fyrir Noreg og Det Systemiske Risikoråd (2017) fyrir Danmörku.

¹⁵ Skuldahlutfall er skilgreint sem heildarskuldir einkageirans (án fjármálafyrirtækja), að kröfuvirði, sem hlutfall af vergri landsframleiðslu síðustu fjögurra ársfjórðunga. Leitni hlutfallsins er fundin með Hodrick-Prescott síu með sléttunarstikann $\lambda=400.000$ samkvæmt leiðbeiningum ESRB. Rannsóknir, t.d. Drehmann o.fl. (2011), Detken o.fl. (2014) og Drehmann og Juselius (2014), benda til þess að fyrir breitt úrtak ríkja sé frávik skuldahlutfalls frá leitni besti leiðandi áhættuvísirinn.

¹⁶ Stig meginvísis ákvarðar viðmiðið með línulegri vörpun. Ef frávik skuldahlutfalls frá langtímaleitni (X) nemur 2% eða minna skal viðmið fyrir aukann vera 0%. Ef $2 < X \leq 10$ skal viðmið vera $((X-2)/3,2)\%$. Ef $X > 10$ skal viðmið aukans sett í 2,5%.

¹⁷ Sjá ESRB (2014, 2015 og 2016). Til dæmis reikna tékknesk stjórnvöld langtímaleitni útlánahlutfalls yfir styttra tímabil en skilgreining ESRB segir til um. Lettnesk stjórnvöld miða við þröngri skilgreiningu heildarskulda við útreikning skuldahlutfalls, sjá FCMC (2019). Eistnesk stjórnvöld nota aðrar aðferðir en ESRB mælist til vegna gagnaskorts, sjá Reigl o.fl. (2018).

¹⁸ Babecký o.fl. (2014) greina gögn sem spanna 40 ár og 40 ríki. Þau sýna að skuldavöxtur einkageirans er tíður undanfari bankakreppa, einkum þegar skuldavöxtur er hraðari en vöxtur landsframleiðslu. Jordá o.fl. (2015) greina gögn sem spanna 140 ár og 17 ríki. Þeir sýna að skuldavöxtur og hækkun húsnæðisverðs eru tíðir undanfarar fjármálakreppa, en þegar þetta tvennt fari saman fylgi sérlega skaðlegar kreppur í kjölfarið. Bridges

Að auki er byggt á fjölda annarra vísa. Horft er til skuldahlutfalla bæði heimila og fyrirtækja á móti landsframléiðslu. Stuðst er við skuldir heimila í hlutfalli við ráðstöfunartekjur, launavísitölu og greiðslu- og vaxtabyrði heimila. Þá er horft til húsnæðisverðs í hlutfalli við þætti sem hafa áhrif á húsnæðisfyrirspurn og -framboð, einkum ráðstöfunartekjur, launavísitölu og byggingarkostnað. Litið er til atvinnuhúsnæðisverðs og þróunar þess í hlutfalli við ákvarðandi þætti eftirspurnar og framboðs. Einnig er sjónum beint að eiginfjárstöðu, fjármögnun og rekstri fjármálafyrirtækja, vanskilum, útlánaskilyrðum á borð við veðsetningarhlutföll og fleiri þætti. Þá er litið til samsettra mælikvarða á fjármálasveiflum.¹⁹ Að lokum er hliðsjón höfð af þjóðhagslegu umhverfi og hugsanlegum áhrifum sveiflujöfnunaraukans á virkni annarra stýritækja, hvort heldur sem er á sviði fjármálastöðugleika eða peningastefnu.

Mat á sveiflutengdri kerfisáhættu er háð talsverðri óvissu. Eins og lýst er hér að framan er hún yfirleitt ekki mæld með beinum hætti. Sveiflutengd kerfisáhætta er áætluð út frá helstu fjármálastærðum sem rannsóknir benda til að hafi sterk tengsl við hana. Við þetta bætist að sumum þeirra gagna sem stuðst er við er aðeins safnað ársfjórðungslega og þau birt með nokkurri töf. Greiningar hvíla því yfirleitt á mælingum sem endurspegla stöðuna nokkrum mánuðum áður.²⁰ Það ætti þó ekki að koma að sök að því marki sem upptaktur fjármálasveiflu er að jafnaði hægfare ferli og einstakar breytingar á sveiflujöfnunarauka hafa lítil áhrif á gang þeirra.

Kostnaður og ábati

Auk þess að efla viðnámsþrótt getur sveiflujöfnunaraukinn, eins og aðrar eiginfjárkröfur, haft áhrif á útlánavöxt. Þar sem reynslan af honum er enn takmörkuð liggja ekki fyrir margar rannsóknir á áhrifum einstakra breytinga á auknum. Þó hefur eiginfjárkröfum lengi verið beitt sem virku stýritæki í Bretlandi. Rannsókn á áhrifum breytinga á honum á útlán breskra banka sýnir marktæk skammtímaáhrif á útlánavöxt, en engin marktæk langtímaáhrif nema á vöxt veðlána vegna atvinnuhúsnæðis.²¹ Í Sviss var krafa um sveiflujöfnunarauka lögð á árið 2013, en aðeins fyrir húsnæðisveðlán. Rannsókn á áhrifum þeirrar ákvörðunar sýnir að hún hafði þau áhrif að útlánavextir hækkuðu og lánsfjárframboð færðist frá heimilum yfir í fyrirtækjalán.²²

o.fl. (2017) greina gögn sem spanna 40 ár og 26 ríki og sýna að skuldavöxtur sé betri leiðandi áhættuvísir en skuldastig og gefi betri mynd af alvarleika yfirvofandi kreppu. Sú niðurstaða virðist ekki aðeins halda varðandi hagkerfin, heldur einnig á einstaklingsgrundvelli. Sjá Andersen o.fl. (2016) sem skoða gögn um skuldsetningu hálftrar milljónar danskra heimila á árunum 2002-2011. Laina o.fl. (2015) meta leiðandi áhættuvísa fyrir ellefu ESB-ríki á ríflega 30 ára tímabili og komast að því að útlán á móti innlánum og húsnæðisverðshækkunar sé áreiðanlegustu vísarnir.

¹⁹ Rannsóknir benda til þess að samsettir mælikvarðar, þ.e. líkón sem byggja á fleiri en einni breytu, geti gefið áreiðanlegri viðvörðunarkerki um fjármálalegan óstöðugleika en einvíðir mælikvarðar eins og skuldahlutfall, skuldavöxtur eða húsnæðisverð. Sjá t.d. Ferrari o.fl. (2015) og Bjarni G. Einarsson o.fl. (2016) fyrir Ísland.

²⁰ Forbes (2018).

²¹ Á árunum 1990-2011 lagði breska fjármálaeftirlitið eiginfjárkröfur á banka, sem voru breytilegar yfir tíma. Bridges o.fl. (2014) sýna í fyrsta lagi að á þeim tíma löguðu bankar eiginfjárlutföll sín rólega að breyttum kröfum og í öðru lagi að mismikil áhrif voru af breyttum eiginfjárkröfum á útlán til ólíkra geira. Einnar prósentu hækkun eiginfjárkröfu leiddi að jafnaði til marktækrar minnkunar í vexti húsnæðislána til skamms tíma (0,8 prósentur) en innan árs jafnaði vöxturinn sig. Til lengri tíma voru áhrifin ómarktæk. Áhrif á vöxt annarra lána til heimilanna voru ómarktæk. Skammtímaáhrifin voru talsvert sterkari (2-4 prósentur) á útlán til fyrirtækja, og marktæk langtímaáhrif á vöxt veðlána vegna atvinnuhúsnæðis.

²² Sjá Auer og Ongena (2016). Sjá einnig Bichsel o.fl. (2019) sem meta áhrif hækkaðra eiginfjárfrafna á vaxtamun til fyrirtækja lítil en marktæk. Niðurstöður þeirra, fyrir svissneska banka á árunum 2006-2017, benda til þess að

Beitingu sveiflujöfnunarauka fylgir því kostnaður, en rannsóknir benda til þess að ábatinn sem á móti kemur geti verið umtalsvert meiri en kostnaðurinn.²³ Í fyrsta lagi eru aukin útlán ekki alltaf af hinu góða, þar sem óhóflegum útlánavexti fylgir rýrnun útlánagæða.²⁴ Vel tímasett hækkun sveiflujöfnunarauka getur mögulega dregið úr óhóflegum útlánavexti. Í öðru lagi er uppbygging sveiflujöfnunarauka á uppgangstímum talin geta dregið úr tíðni fjármálakreppa og aflétting hans mildað kostnað af kreppum, þegar þær verða.²⁵

Framkvæmd erlendis

Til að takast á við sveiflutengda kerfisáhættu hafa mörg ríki á undanförunum árum, flest á EES-svæðinu, virkjað sveiflujöfnunaraukann (sjá töflu 1). Norðurlöndin hafa verið í fararbroddi í uppbyggingu aukans. Hann var virkjaður í Noregi og Svíþjóð árið 2015, árið 2016 á Íslandi og í Danmörku árið 2017. Finnsk stjórnvöld hafa hins vegar ekki enn virkjað aukann.

Þó svo ríki Evrópu séu í fararbroddi hvað varðar innleiðingu á sveiflujöfnunarauka, er unnið að innleiðingunni í fjölda annarra ríkja. Nýleg könnun á framgangi innleiðingarinnar í 100 ríkjum, sem ekki eiga aðild að Basel-nefndinni um bankaeftirlit, leiddi í ljós að í 55 ríkjum var innleiðing sveiflujöfnunarauka hafin og í 23 ríkjum til viðbótar var verið að íhuga hana.²⁶

Nýverið hafa stjórnvöld í nokkrum ríkjum ýmist aflétt kröfunni um sveiflujöfnunarauka að fullu eða lækkað hana, vegna áhrifa Covid-19 heimsfaraldursins. Englandsbanki reið á vaðið miðvikudaginn 11. mars sl., féll frá fyrirhugaðri hækkun aukans í 2% og aflétti kröfunni, sem verið hafði 1%, að fullu. Daginn eftir tók iðnaðar-, viðskipta- og fjármálaráðuneyti Danmerkur, sem fer með ákvörðunarvald um sveiflujöfnunaraukann þar í landi, hliðstæða ákvörðun. Föstudaginn 13. mars aflétti fjármálaeftirlit Svíþjóðar kröfu sinni um sveiflujöfnunarauka, sem verið hafði 2,5%, að fullu. Sama dag lækkaði fjármálaráðuneyti Noregs þarlenda kröfu um sveiflujöfnunarauka úr 2,5% niður í 1,0%, í samræmi við ráðgjöf seðlabanka Noregs. Fjármálaeftirlit Noregs, sem einnig hefur rétt til umsagnar, lagðist hins vegar gegn lækkuninni.

fyrir hverja prósentu af hærri eiginfjárkröfum aukist vaxtamunur til fyrirtækja um 0,05 prósentur eða minna, þegar miðað er við áhættuvegin eiginfjárlutföll, en um 0,05 – 0,2 prósentur þegar átt er við eina prósentu af vögunarhlutfalli.

²³ Seðlabanki Lettlands mat líkleg skammtímaáhrif af hálfar prósentu hækkun árið 2017 sem 0,07 prósentu hækkun á lántökukostnaði og hálfar prósentu hægari ársvöxt heildarskulda og að áhrifin myndu síðan fjara út. Seðlabanki Írlands mat áhrif á efnahagssumsvif af einnar prósentu hækkun árið 2018 hverfandi, sjá Babic og Fahr (2019). Fjármálaeftirlit Svíþjóðar mat áhrif af um hálfu prósentu hækkunar árið 2018 sem 0,01-0,15 prósentu hækkunar útlánsvaxta fyrir heimili en um 0,02 prósentu hækkunar fyrir fyrirtæki, sjá Finansinspektionen (2018).

²⁴ Lainà o.fl. (2015) leggja mat á viðmið fyrir það hvenær raunvöxtur heildarskulda heimila og fyrirtækja er óhóflegur, í þeim skilningi að slíkur vöxtur sé tíður undanfari fjármálakreppa. Athugun þeirra bendir m.a. til þess að a.m.k. 9% raunvöxtur sé algengur þremur árum fyrir kreppu og a.m.k. 10% raunvöxtur tveimur árum fyrir kreppu.

²⁵ Faria-e-Castro (2019) metur áhrifin með hermum á DSGE-líkani fyrir Bandaríkin og fær út að beiting sveiflujöfnunarauka geti dregið úr líkum á fjármálakreppum um meira en helming. Kanngiesser o.fl. (2019) greina gögn fyrir Þýskaland, Frakkland, Spán og Ítalíu á árabílinu 2005-2018 og sýna að þegar meðaleiginfjárlutföll banka falla nær kröfum, eins og þegar sveiflutengd kerfisáhætta raungerist, verða marktæk neikvæð áhrif á hagvöxt og útlán, auk þess sem vaxtamunur í bankakerfinu eykst. Með því að aflétta sveiflujöfnunaraukanum við slíkar aðstæður megi því dempa fjármála- og hagsveiflur. Aikman o.fl. (2019) skoða áhættuna sem hagvexti stafar, til meðallangs tíma, af óhóflegum skuldavexti og ofrísni eignaverðs. Mat þeirra er að fyrir alþjóðlegu fjármálakreppuna hefði, með 2,5% (5%) sveiflujöfnunarauka, mátt draga úr slíkri áhættu um 20% (40%).

²⁶ Sjá Hohl o.fl. (2018).

Tafla 1. Virkjun sveiflujöfnunarauka, staðan 17. mars 2020

Ríki	Krafa í gildi	Tilkynnt hækkun	Gildistaka hækkunar	Helstu áhættuvisar, aðrir en frávik skuldahlutfalls frá leitni
Evrópa				
Belgía	0,00%			Skuldahlutföll, útlánavöxtur banka, eignaverð, viðskiptaafgangur, ytri staða þjóðarbús og eiginfjárstaða banka
Bretland	0,00%*,**			Vísar skiptast í þrjá flokka: Viðnámsþróttur heimila og fyrirtækja utan fjármálageirans, útlánaskilyrði og markaðsvísar, viðnámsþróttur bankakerfisins.
Búlgaría	0,50%	1,00%	Apr. 2020	Skuldavöxtur heimila og fyrirtækja, lántöku-kostnaður, húsnæðisverð, eiginfjárstaða banka
Danmörk	0,00%**			Áhættuskynjun á fjármálamarkaði, fasteignaverð, skuldavöxtur, útlánaskilyrði.
Frakkland	0,25%	0,50%	Apr. 2020	Skuldavöxtur heimila og fyrirtækja
Ísland	0,00%**			Skuldavöxtur heimila og fyrirtækja, skuldahlutföll, fasteignaverð
Írland	1,00%			Fasteignaverð, skuldavöxtur heimila og fyrirtækja, skuldastaða heimila, vanskil á útlánum banka.
Litháen	1,00%			Skuldavöxtur heimila og fyrirtækja, fasteignaverð, virkni á fasteignamarkaði og væntingar um verðhækkanir á fasteignum
Lúxemborg	0,25%			Skuldavöxtur heimila og fyrirtækja
Noregur	1,00%**			Skuldavöxtur heimila og fyrirtækja, verð bæði íbúðar- og atvinnuhúsnæðis, eiginfjárstaða, arðsemi og útlánageta bankakerfisins
Slóvakía	1,50%	2,00%	Ág. 2020	Skuldavöxtur heimila og fyrirtækja, í samhengi við þróun hagsveiflunnar,

				<i>fasteignaverð, arðsemi banka, heildstætt mat á fjármálasveiflunni</i>
<i>Svíþjóð</i>	<i>0,00%**</i>			<i>Útlánaskilyrði og ástand á innlendum lánsfjármörkuðum, skuldavöxtur heimila og fyrirtækja, verð bæði íbúðar- og atvinnuhúsnæðis.</i>
<i>Tékkland</i>	<i>1,50%</i>	<i>2,00%</i>	<i>Júl. 2020</i>	<i>Skuldavöxtur heimila og fyrirtækja, fasteignaverð, áhættusækni og sveiflutengt vanmat innramatslíkana banka á lánsfjáráhættu</i>
<i>Þýskaland</i>		<i>0,25%</i>	<i>Júl. 2020</i>	<i>Dvínandi hagvöxtur og lágt vaxtastig, sem gefa til kynna að lánsfjáráhættu sé ekki mætt nægilega með eindarvarúðartækjum, þróun fasteignaverðs og vaxtaáhættu.</i>
<i>Asía</i>				
<i>Hong Kong</i>	<i>2,00%***</i>			<i>Frávik hlutfalls fasteignaverðs á móti leiguverði frá leitni, vogun banka, heimila og fyrirtækja, greiðslubyrðarhlutföll, arðsemi og fjármögnunar-skilyrði banka, þjóðhagslegt ójafnvægi.</i>
<i>Eyjaálfa</i>				
<i>Nýja-Sjáland</i>		<i>1,5%</i>	<i>Nóv. 2020</i>	

*Stjórnvöld í Bretlandi féllu frá fyrirhugaðri hækkun sveiflujöfnunaraukans í kjölfari Brexit atkvæðagreiðslunnar sumarið 2016 og hófu að byggja aukann upp að nýju ári seinna.

**Stjórnvöld í Bretlandi og á Norðurlöndunum utan Finnlands höfðu hækkað kröfuna um sveiflujöfnunarauka yfir uppsveiflu síðustu ára, en afnámu hana ýmist að fullu eða lækkuðu sem viðbragð við efnahagssamdrætti vegna Covid-19 heimsfaraldursins.

***Stjórnvöld í Hong Kong lækkuðu kröfu um sveiflujöfnunarauka úr 2,5% í 2,0% í október 2019, vegna versnandi horfa í efnahagsmálum sem tengdust einkum mótmælum gegn stjórnvöldum þar í landi.

- Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn. *Staff Guidance Note on Macroprudential Policy*. Desember 2014. Aðgengilegt á <https://www.imf.org/external/np/pp/eng/2014/110614.pdf>
- Aikman, D., Jonathan Bridges, Sinem Hacioglu Hoke, Cian O'Neill og Akash Raja (2019). *Credit, capital and crises: a GDP-at-Risk approach*. Staff Working Paper nr. 824. Englandsbanki.
- Andersen, A.L., Charlotte Duus og Thais Lærholm Jensen. *Household debt and spending during the financial crisis: Evidence from Danish micro data*. European Economic Review, 89. árg (2016), bls. 96-115.
- Auer, R. og Steven Ongena (2016). *The countercyclical capital buffer and the composition of bank lending*. BIS Working Papers, nr. 593, desember 2016. Alþjóðagreiðslubankinn í Basel.
- BCBS. *Guidance for national authorities operating the countercyclical capital buffers*. Desember 2010. Alþjóðagreiðslubankinn í Basel.
- Babecký, J., Tomáš Havránek, Jakub Matějů, Marek Rusnák, Kateřina Smídková og Bořek Vašíček (2014). *Banking, debt, and currency crises in developed countries: Stylized facts and early warning indicators*. Journal of Financial Stability, 15. árgangur, bls. 1-17.
- Babic, D. og Stephan Fahr. *Shelter from the storm: recent countercyclical capital buffer (CCyB) decisions*. Macroprudential Bulletin, 27. mars 2019. Seðlabanki Evrópu.
- Bernanke, B., Mark Gertler og Simon Gilchrist (1999). *The Financial Accelerator in a Quantitative Business Cycle Framework*. NBER Workin Paper Series Nr. 6455. National Bureau of Economic Research.
- Bichsel, R., Luisa Lambertini, Abhik Mukherjee og Dan Wunderli (2019). *The Pass-through of Bank Capital Requirements to Corporate Lending Spreads*. Maí 2019. Aðgengilegt á: https://papers.ssrn.com/sol3/papers.cfm?abstract_id=3395170
- Bjarni G. Einarsson, Kristófer Gunnlaugsson, Þorvarður Tjörvi Ólafsson og Þórarinn G. Pétursson. *The long history of financial boom-bust cycles in Iceland. Part II: Financial Cycles*. Rannsóknarritgerð nr. 72. Ágúst 2016. Seðlabanki Íslands.
- Borio, C. (2012). *The financial cycle and macroeconomics: What have we learnt?* BIS Working Papers Nr. 395, Alþjóðagreiðslubankinn í Basel.
- Bridges, J., David Gregory, Mette Nielsen, Silvia Pezzini, Amar Radia og Marco Spaltro (2014). *The impact of capital requirements on bank lending*. Working Paper Nr. 486. Englandsbanki.
- Bridges, J., Chris Jackson og Daisy McGregor. *Down in the slumps: the role of credit in five decades of recessions*. Staff Working Paper Nr. 659, Apríl 2017. Englandsbanki.
- Claessens, S., M. Ayhan Kose og Marco E. Terrones (2011). *How Do Business and Financial Cycles Interact?* IMF Working Paper. WP/11/88. Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn.
- Det Systemiske Risikoråd. *The countercyclical capital buffer*. Minnisblað frá 17. Nóvember 2017. Aðgengilegt á <http://www.risikoraad.dk/media/1234/dsrr22-metodenotat-uk.pdf>
- Detken, C. o.fl. (2014). *Operationalising the countercyclical capital buffer: indicator selection, threshold identification and calibration options*. Occasional Paper Series nr. 5, júní 2014. ESRB.

- Drehmann, M., Claudio Borio, Leonardo Gambacorta, Gabriel Jiménez og Carlos Trucharte (2010). *Countercyclical capital buffers: exploring options*. BIS Working Papers nr. 317. Alþjóðagreiðslubankinn í Basel.
- Drehmann, M., Claudio Borio og Kostas Tsatsaronis (2012). *Characterising the financial cycle: don't lose sight of the medium term!* BIS Working Papers nr. 380. Alþjóðagreiðslubankinn í Basel.
- Drehmann, M., og Mikael Juselius (2014). *Evaluating early warning indicators of banking crises: Satisfying policy requirements*. BIS Working Papers nr. 421. Alþjóðagreiðslubankinn í Basel.
- ESRB (2013). Recommendation of the European Systemic Risk Board on intermediate objectives and instruments of macro-prudential policy. 4. apríl 2013, ESRB/2013/1. Aðgengilegt á https://www.esrb.europa.eu/pub/pdf/recommendations/2013/ESRB_2013_1.en.pdf
- ESRB (2014). Recommendation of the European Systemic Risk Board on guidance for setting countercyclical buffer rates. 18. júní 2014, ESRB/2014/1. Aðgengilegt á https://www.esrb.europa.eu/pub/pdf/recommendations/140630_ESRB_Recommendation.en.pdf
- ESRB (2016). *The ESRB handbook on operationalising macroprudential policy in the banking sector*. Report by the Instruments Working Group. Kerfisáhætturáð Evrópu.
- Faria-e-Castro, M. (2019). *A Quantitative Analysis of Countercyclical Capital Buffers*. Federal Reserve Bank of St. Louis Working Paper No. 2019-8.
- FCCM (2019). *Countercyclical capital buffer*. Umfjöllun á vef fjármálaeftirlitsnefndar Lettlands. Aðgengilegt á <https://www.fktk.lv/en/media-room/macprudential-supervision/countercyclical-capital-buffer/>
- Ferrari, S., Mara Pirovano og Wanda Cornacchia (2015). *Identifying early warning indicators for real estate-related banking crises*. Occasional Paper Series, nr. 8, ágúst 2015. ESRB.
- Finansinspektionen. *Amendment to regulations regarding the countercyclical buffer rate*. Decision Memorandum, FI Ref. 18-11833, 19. september 2018.
- Fjármálastöðugleikaráð (e.d.). *Stefna um fjármálastöðugleika*. Aðgengilegt á <https://www.stjornarradid.is/verkefni/efnahagsmal-og-opinber-fjarmal/efnahagsmal/fjarmalastodugleikarad/opinber-stefna-um-fjarmalastodugleika/>
- Fjármálastöðugleikaráð (2018). *Stefna um beitingu sveiflujöfnunarauka*. Aðgengilegt á <https://www.stjornarradid.is/verkefni/efnahagsmal-og-opinber-fjarmal/efnahagsmal/fjarmalastodugleikarad/stefna-um-beitingu-sveiflujofnunarauka/>
- Forbes, Kristin J. (2018). *Macroprudential Policy after the Crisis: Forging a Thor's Hammer for Financial Stability in Iceland*. Skýrsla fyrir nefnd um endurskoðun ramma peningamálastefnunnar. Forsætisráðuneytið.
- G20 (2009). *Declaration on strengthening the financial system*. London summit, 2. apríl 2009. Aðgengilegt á <http://www.g20.utoronto.ca/2009/2009ifi.pdf>
- Haldane, A. og Piergiorgio Alessandri (2009). *Banking on the state*. Útdráttur úr ræðu sem flutt var á ráðstefnu seðlabankans í Chicago 25. september 2009. Birt á vef Englandsbanka 6.

Nóvember 2009. Aðgengilegt á <https://www.bankofengland.co.uk/-/media/boe/files/paper/2009/banking-on-the-state.pdf>

- Hohl, S., Maria Cynthia Sison, Tomas Stastny og Raihan Zamil (2018). *The Basel framework in 100 jurisdictions: implementation status and proportionality practices*. FSI Insights on Policy Implementation, Nr. 11. Alþjóðagreiðslubankinn í Basel.
- Jordá, O., Moritz Schularick og Alan M. Taylor (2015). *Leveraged Bubbles*. Working Paper nr. 21486. National Bureau of Economic Research.
- Juks, R. og Ola Melander (2012). *Countercyclical capital buffers as a macroprudential instrument*. Riksbank studies, desember 2012. Riksbanken.
- Kanngiesser, D., Reiner Martin, Diego Moccero og Laurent Maurin (2019). *The macroeconomic impact of changes in economic bank capital buffers*. Macroprudential Bulletin, vol. 8. Seðlabanki Evrópu.
- Kiyotaki, N. og John Moore (1997). *Credit cycles*. Journal of Political Economy. 1997, vol. 105, nr. 2, bls. 211-248
- Laina, P., Juho Nyholm og Peter Sarlin (2015). *Leading indicators of systemic banking crises: Finland in a panel of EU countries*. Working Paper Series No. 1758. Seðlabanki Evrópu.
- Miles, D., Jing Yang og Gilberto Marcheggiano (2012). *Optimal Bank Capital*. The Economic Journal, vol. 123, bls. 1-37.
- Norges Bank. *A framework for advice on the countercyclical capital buffer*. Norges Bank Papers No. 4/2019.
- Reigl, N. Og Lenno Uusküla. *Alternative frameworks for measuring credit gaps and setting countercyclical capital buffers*. Working Papers of Eesti Pank nr. 7/2018.
- Schanz, J., David Aikman, Paul Collazos, Marc Farag, David Gregory og Sujit Kapadia (2011). *The long-term economic impact of higher capital levels*. BIS Papers Chapters, birtist í Bank for International Settlements (ritstj.), Macroprudential regulation and policy, árg. 60, bls. 73-81. BIS.

Seðlabankinn minnkar framboð bundinna innlána til eins mánaðar

Seðlabankinn hefur ákveðið að draga verulega úr framboði bundinna innlána til eins mánaðar en næsta útboð verður haldið 1. apríl nk. Þessi breyting kemur í kjölfar þess að aðstæður á innlendum mörkuðum hafa breyst mikið á stuttum tíma. Fyrirséð er að útgjöld ríkissjóðs muni aukast og aukin ríkisverðbréfaútgáfa verður á næstu vikum og mánuðum. Seðlabankinn mun áfram vikulega bjóða út bundin innlán til 7 daga. Seðlabankinn mun jafnframt áfram sjá til þess að hægt sé að tryggja heimildir í greiðsluferfum með bundum innlánnum.

Nr. 10/2020
27. mars 2020

Samningur um veitingu ábyrgða vegna viðbótarlána

Fjármála- og efnahagsráðuneytið og Seðlabanki Íslands hafa undirritað samning um skilmála við framkvæmd á veitingu ábyrgða ríkisins á viðbótarlánnum lánastofnana til fyrirtækja í tengslum við heimsfaraldur kórónuveiru.

Sökum faraldursins standa mörg fyrirtæki frammi fyrir miklu tímabundnu tekjufalli og lausafjárvanda. Af þeim sökum heimilaði Alþingi fjármála- og efnahagsráðherra að veita ábyrgð ríkisins á hluta af viðbótarlánnum sem lánastofnanir veita fyrirtækjum, að tilteknum skilyrðum uppfylltum. Ráðherra var heimilað að semja við Seðlabanka Íslands um framkvæmd ábyrgðarkerfisins.

Markmið kerfisins er að styðja við fyrirtæki sem verða fyrir verulegum áhrifum vegna útbreiðslu kórónuveirunnar og viðbrögð stjórnvalda vegna faraldursins. Ábyrgðirnar eru liður í því að viðhalda sem hæstu atvinnustigi og fjölbreyttustu atvinnulífi.

Hver lánastofnun getur nýtt tiltekinn hluta af heildarumfangi ábyrgðanna. Viðbótarlán verður að veita fyrir lok árs 2020 og hámarkslánstími frá útgáfu er 18 mánuðir. Horft verður til þess að ábyrgð á einstökum viðbótarlánnum verður að hámarki 70%. Lán til einstaks aðila munu geta að hámarki numið tvöföldum árslaunakostnaði árið 2019 og launakostnaður félags verður að lágmarki hafa verið 25% af heildarrekkstrarkostnaði þess árið 2019. Lán sem nýtur ábyrgðar getur hæst numið kr. 1,2 ma.kr.

Endanlegt fyrirkomulag ætti að liggja fyrir innan skamms eftir nánari útfærslu milli Seðlabankans og lánastofnana og í kjölfarið gæti veiting viðbótarlána með ábyrgð ríkisins hafist hjá lánastofnunum.

Frétt nr. 13/2020
17. apríl 2020

Samningar um stuðningslán undirritaðir

Með lögum nr. 38/2020 frá 20. maí 2020, um fjárstuðning til minni rekstraraðila vegna heimsfaraldurs kórónuveiru, var mælt fyrir um ríkisábyrgð að fullu eða að hluta af stuðningslánnum sem lánastofnanir veita að settum skilyrðum uppfylltum. Ráðherra var með fyrrnefndum lögum heimilað að semja við Seðlabanka Íslands um að annast framkvæmdina gagnvart lánastofnunum, þar á meðal uppgjör ábyrgða. Hinn 25. maí 2020 var undirritaður samningur milli fjármála- og efnahagsráðuneytis og Seðlabankans um að Seðlabankinn annist framkvæmd á veitingu ábyrgða ríkissjóðs gagnvart lánastofnunum vegna stuðningslána þeirra til rekstraraðila vegna heimsfaraldurs kórónuveiru. Þá gaf fjármála- og efnahagsráðuneytið hinn 29. maí 2020 út reglugerð um stuðningslán nr. 534/2020.

Á grundvelli framangreinds hefur Seðlabankinn undirritað samninga um stuðningslán með ábyrgð ríkissjóðs við Arion banka, Kviku banka, Landsbankann og Íslandsbanka. Markmið með stuðningslánnum er að viðhalda atvinnustigi og efnahagsumsvifum með því að styðja við minni rekstraraðila sem hafa orðið fyrir tímabundnu tekjufalli vegna heimsfaraldurs kórónuveiru og aðgerða stjórnvalda til að verjast útbreiðslu hennar. Með gerð samninganna hefur skapast grundvöllur fyrir því að hrinda framangreindu efnahagsúrræði vegna kórónuveirufaraldsins í framkvæmd með þeim skilyrðum sem fram koma í lögnum, samningi fjármála- og efnahagsráðherra við Seðlabankann, reglugerð um stuðningslán og samningi milli Seðlabankans og lánastofnana. Tekið verður við umsóknum um stuðningslán í miðlægri þjónustugátt á vefnum island.is.

Frétt nr. 21/2020
24. júní 2020

Sérstakur tímabundinn veðlánarammi vegna stuðningslána

Frá og með 2. september nk. mun Seðlabanki Íslands bjóða viðskiptabönkum og sparisjóðum upp á sérstök veðlán vegna stuðningslána með 100% ríkisábyrgð í samræmi við tilkynningu bankans frá 24. júní sl. Þar til annað verður ákveðið verða þessi sérstöku veðlán í boði einu sinni í mánuði, og útboðsdagar verða fyrsti miðvikudagur í hverjum mánuði.

Lánin verða veitt á meginvöxtum Seðlabankans, nú 1%, gegn tryggingum sem metnar eru hæfar í viðskiptum Seðlabankans hverju sinni. Til samræmis við ofangreint mun Seðlabanki Íslands uppfæra tímabundið veðlista bankans og breyta til bráðabirgða reglum nr. 1200/2019 um viðskipti fjármálafyrirtækja við Seðlabanka Íslands.

Frétt nr. 27/2020
28. ágúst 2020

Ný löggjöf um skilameðferð lánastofnana og verðbréfafyrirtækja

Í dag tóku gildi [lög nr. 70/2020 um skilameðferð lánastofnana og verðbréfafyrirtækja](#). Markmið þeirra er að varðveita fjármálastöðugleika og lágmarka neikvæðar afleiðingar fjármálaáfalla með því að vernda tryggðar innstæður og fjárfesta, eignir viðskiptavina og nauðsynlega starfsemi fyrirtækja og lágmarka hættu á að veita þurfi fjárframlög úr ríkissjóði.

Samkvæmt lögnum er Seðlabanka Íslands falið skilavalld, þ.e. stjórnarsýsluvald, til að grípa til aðgerða og sinna undirbúningi og framkvæmd skilameðferðar lánastofnana og verðbréfafyrirtækja.

Ákvæði laganna gilda um lánastofnanir og stærri verðbréfafyrirtæki. Undir gildissvið laganna falla nú tíu lánastofnanir hér á landi en engin verðbréfafyrirtæki. Skilavaldinu er ætlað að leggja mat á skilabærni þessara lánastofnana og vinna skilaáætlanir fyrir lánastofnanir sem ekki fara í hefðbundna slitameðferð. Til að ná markmiðum laganna er Seðlabanka Íslands heimilt að beita afmörkuðum skilaúrræðum, saman eða sjálfstætt. Bankanum verður t.d. heimilt að stofna brúarfyrirtæki sem tekur við eignum og/eða skuldbindingum lánastofnunar í skilameðferð, selja rekstur eða rekstrareiningar lánastofnunar í skilameðferð og skipta upp eignum lánastofnunar í skilameðferð og framselja til eignaumsýslufyrirtækis. Þá verður Seðlabanka Íslands heimilt að krefja lánastofnun um að eigið fé hennar og önnur fjármögnun tryggi að hægt verði að endurfjármagna lánastofnun í skilameðferð með eftirgjöf vegna skuldabréfa (svonefnd MREL-krafa).

Ákvarðanir Seðlabanka Íslands á grundvelli laganna verða teknar með hliðsjón af skilaáætlunum lánastofnana en vinna við gerð þeirra er hafin. Í tengslum við gerð þessara áætlana mun Seðlabankinn fljótlega óska eftir gögnum frá lánastofnunum sem falla undir gildissvið laganna. Gagnasöfnunin verður liður í undirbúningi ákvarðana bankans um MREL-kröfur einstakra lánastofnana. Við markaðsfjármögnun sína geta lánastofnanir framvegis þurft að taka mið af því að form og fjárhæð skuldabréfa þeirra uppfylli MREL-kröfur Seðlabankans.

Stofnuð hefur verið sérstök deild innan Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta (TIF) sem nefnist skilasjóður. Skilasjóðurinn er á forræði Seðlabanka Íslands og er honum ætlað að fjármagna skilameðferð í samræmi við skilaáætlanir. Framlag til skilasjóðs fyrir árið 2020 hefur þegar verið ákveðið með færslu 1,2 milljarða kr. úr innstæðudeild TIF. Sami háttur verður hafður á árið 2021 en eftir það er gert ráð fyrir að sjóðurinn verði fjármagnaður með innheimtu gjalds af lánastofnunum sem falla undir gildissvið laganna.

Með setningu laganna hefur tilskipun 2014/59/ESB, svonefnd BRRD tilskipun, verið innleidd í íslenskan rétt. Áður höfðu lög nr. 54/2018, um breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, verið sett til að innleiða þau ákvæði tilskipunarinnar

sem sneru að endurbótaáætlunum og tímanlegum inngrípum vegna áfalla í rekstri fjármálafyrirtækja.

Seðlabanki Íslands hvetur fjármálafyrirtæki, Samtök fjármálafyrirtækja og aðra sem telja sig eiga hagsmuna að gæta vegna þessarar nýju löggjafar að kynna sér efni hennar vel. Fyrirspurnir vegna nýju laganna má senda á skilavald@sedlabanki.is.

Nr. 29/2020
1. september 2020

Nýtt millibankagreiðslukerfi Seðlabanka Íslands

Reglur nr. 1030/2020 um millibankagreiðslukerfi Seðlabanka Íslands tóku gildi mánudaginn 26. október 2020, sama dag og kerfið var tekið í notkun, en gangsetning þess hófst þremur dögum fyrr, sbr. frétt Seðlabanka Íslands 19. október 2020. Kerfið er í eigu Seðlabankans og leysir af hólmi stórgreiðslukerfi bankans og jöfnunarkerfi Greiðsluveitunnar ehf. sem jafnframt er í eigu bankans. Stór hluti allra fjármálafærslna einstaklinga og fyrirtækja á milli innlánsstofnana í landinu fer um millibankagreiðslukerfi Seðlabankans, t.d. debetkortafærsur og almennar millifærsur á milli reikninga. Fyrri kerfi voru komin til ára sinna og endurnýjun þeirra var orðin tímabær. Markmiðið er sem fyrr að miðla greiðslum hér á landi á skjóttan, öruggan og hagkvæman hátt.

Samkvæmt lögum um Seðlabanka Íslands, nr. 92/2019, skal bankinn stuðla að virku og öruggu fjármálakerfi, þ.m.t. greiðslumiðlun í landinu og við útlönd. Um millibankagreiðslukerfið gilda lög nr. 90/1999 um öryggi fyrirmæla í greiðslukerfum og verðbréfauppgjörskerfum. Þátttakendur í kerfinu eru m.a., auk Seðlabankans, fjármálafyrirtæki hér á landi sem hafa hlotið starfsleyfi samkvæmt 4. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki. Reiknistofa bankanna er þjónustuaðili fyrir kerfið. Í kjölfar setningar reglna nr. 1030/2020 verða reglur nr. 703/2009 um stórgreiðslukerfi Seðlabanka Íslands og reglur nr. 704/2009 um starfsemi jöfnunarkerfa felldar úr gildi.

Eins og fram kom í [frétt Seðlabanka Íslands 19. október 2020](#) er hlutverk hins nýja millibankagreiðslukerfis tvíþætt. Annars vegar eru þar gerðar upp stórgreiðslur, þ.e. greiðslur sem eru 10 m.kr. eða hærri, í rauntíma á stórgreiðslureikningum fjármálafyrirtækja í Seðlabankanum. Hins vegar eru þar smágreiðslur, þ.e. greiðslur undir 10 m.kr. Jöfnunarfjárhæðir úr smágreiðsluviðskiptum eru svo gerðar upp á stórgreiðslureikningum tvisvar á sólarhring á virkum dögum.

Á síðasta ári var veltan í stórgreiðslukerfinu 17 þúsund milljarðar króna í um 118 þúsund greiðslufyrirmælum. Í jöfnunarkerfinu var veltan rúmlega fjögur þúsund milljarðar króna og færslufjöldinn ríflega 68 milljónir. Á þessu sést hversu mikilvægt millibankagreiðslukerfið er fyrir viðskipti hér á landi.

Þátttakendur í millibankagreiðslukerfinu lúta eftirliti skv. lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Þeir verða að uppfylla kröfur um eiginfjárhlutfall og lausafjárhlutfall, vera með innra eftirlit til þess að koma í veg fyrir peningabætti eða fjármögnun hryðjuverka, hafa yfir að ráða tryggu eftirlitskerfi, hafa lagt fram fullnægjandi uppgjörstryggingar í Seðlabanka Íslands og að ráða yfir viðbúnaðaráætlun til nota í áföllum.



10. desember 2020

Minnisblað

Viðtakandi: Fjármálastöðugleikanefnd

Sendandi: Seðlabanki Íslands

Efni: Fjármálainnviðir

Samkvæmt 13. gr. laga nr. 92/2019 um Seðlabanka Íslands felast verkefni fjármálastöðugleikanefndar m.a. í því að ákveða hvaða eftirlitskyldir aðilar, innviðir og markaðir skuli teljast kerfislega mikilvægir og þess eðlis að starfsemi þeirra geti haft áhrif á fjármálastöðugleika.

Millibankakerfi Seðlabankans (MBK) og verðbréfauppgjörskerfi Nasdaq CSD SE, útibús á Íslandi, uppfylla almenn skilyrði um kerfislega mikilvæga fjármálainnviði og er þá vísað til alþjóðlegra viðmiða, íslenskra laga, veltu, færslufjölda, staðgengnimöguleika o.fl. Þá hafa bæði þessi kerfi nýverið hlotið viðurkenningu skv. lögum nr. 90/1999 um öryggi fyrirmæla í greiðslu- og verðbréfauppgjörskerfum.

Um millibankakerfi Seðlabanka Íslands

Nýtt millibankakerfi Seðlabanka Íslands (MBK) var gangsett 26. október sl. MBK leysti af hólmi stórgreiðslukerfið (SG-kerfið) og jöfnunarkerfið (JK-kerfið) sem bæði voru viðurkennd samkvæmt lögum nr. 90/1999 um öryggi fyrirmæla í greiðslu- og verðbréfauppgjörskerfum og árið 2015 ákvað fjármálastöðugleikaráð að kerfin teldust kerfislega mikilvægir fjármálainnviðir. Samhliða gangsetningu MBK lagði Seðlabankinn til við fjármála- og efnahagsráðherra að kerfið yrði viðurkennt samkvæmt ákvæðum laga nr. 90/1999 um öryggi fyrirmæla í greiðslu- og verðbréfauppgjörskerfum enda fullnægi það ákvæðum laganna. Ráðherra féllst á tillögu Seðlabankans og hefur tilkynnt kerfið til eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) og Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar (ESMA) í samræmi við áskilnað laganna.

MBK er staðlað kerfi sem þegar er í notkun hjá norrænum seðlabönkum með þeirri undantekningu að smágreiðsluhluti þess eða jöfnunarhluti er nýjung, þ.e. þróaður sérstaklega til að geta tekist á við sömu rauntímagreiðslumiðlun og JK-kerfið bauð upp á. MBK er skipt í tvo hluta, annars vegar stórgreiðsluhluta fyrir fjárhæðir yfir tíu milljónum króna og hins vegar smágreiðsluhluta fyrir greiðslur undir tíu milljónum króna. Smágreiðsluhlutinn er opinn allan sólarhringinn, alla daga ársins.

Millibankakerfið (stórgreiðslu- og smágreiðsluhluti) er stærsta og mikilvægasta greiðslukerfið á Íslandi. Öll fjármálafyrirtæki þurfa að eiga

aðild að millibankakerfinu, hvort heldur beint eða óbeint, til að vera starfshæf á íslenskum fjármálamarkaði. Endanlegt uppgjör verðbréfavíðskipta (þ.e. fjárhagsfærslur verðbréfauppgjörskerfa) á sér stað í millibankakerfinu. Seðlabankinn nýtir sér millibankakerfið við framkvæmd peningastefnunnar, það er farvegur fyrir vaxtaákvarðanir og þrautavarálán ef til kemur.

Um verðbréfauppgjörskerfi Nasdaq CSD SE

Nasdaq CSD SE, hlaut starfsleyfi lettneska fjármálaeftirlitsins á grundvelli reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 909/2014 um bætt verðbréfauppgjör í Evrópusambandinu og um verðbréfamiðstöðvar (CSDR) haustið 2017. Reglugerðin hefur verið innleidd hér á landi með lögum nr. 7/2020 um verðbréfamiðstöðvar, uppgjör og rafræna eignarskráningu fjármálagerninga, sem öðluðust gildi 6. febrúar 2020.

Þann 20. maí sl. veitti lettneska fjármálaeftirlitið Nasdaq CSD SE leyfi til að starfrækja útibú hér á landi í samræmi við 19. gr. CSDR. Með millilandasamruna þann 25. maí sl. sameinuðust Nasdaq verðbréfamiðstöð hf. og Nasdaq CSD SE og starfsemi Nasdaq verðbréfamiðstöðvar færðist til útibús Nasdaq CSD SE á Íslandi. Nasdaq CSD SE lýtur eftirliti lettneska fjármálaeftirlitsins, í samstarfi við fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands, samkvæmt ákvæðum CSDR.

Þann 25. ágúst 2020 innleiddi Nasdaq CSD SE nýtt verðbréfauppgjörskerfi fyrir starfsemi sína á Íslandi. Kerfið var þá þegar í notkun í Eistlandi, Lettlandi og Litháen og kom í stað eldra kerfis Nasdaq verðbréfamiðstöðvar hf. sem árið 2015 var skilgreint af fjármálastöðugleikaráði sem kerfislega mikilvægur fjármálainnviður. Kerfi Nasdaq CSD SE byggist á reglum félagsins og lýtur kröfum samkvæmt ákvæðum CSDR, laga nr. 7/2020 um verðbréfamiðstöðvar, uppgjör og rafræna eignarskráningu fjármálagerninga, o.fl. Verðbréfauppgjörskerfi Nasdaq CSD SE er eina verðbréfauppgjörskerfið sem starfrækt er á Íslandi.

Seðlabankinn lengir aðlögunartíma lágmarks lausafjárhlutfalls í íslenskum krónum um eitt ár

Í dag voru birtar í Stjórnartíðindum reglur nr. 1399/2020, um breytingu á reglum nr. 266/2017, um lausafjárhlutfall lánastofnana, með síðari breytingum. Með breytingunni er sá tími sem lánastofnanir hafa til að laga sig að kröfu um lágmarks lausafjárhlutfall í íslenskum krónum framlengdur um eitt ár.

Um síðastliðin áramót tóku gildi breytingar á reglum nr. 266/2017, um lausafjárhlutfall lánastofnana, sem fólu í sér viðbótarkröfu um 50% lágmarks lausafjárhlutfall fyrir íslenskar krónur. Lágmarkskrafan kom til framkvæmda við gildistöku reglnanna en lánastofnunum var veittur tveggja ára aðlögunartími. Hlutfallið var 30% við gildistöku reglnanna en átti að hækka í 40% 1. janúar 2021 og 50% í ársbyrjun 2022.

Seðlabankinn hefur nú ákveðið framlengja aðlögunartímann um eitt ár, þ.e. lágmarks lausafjárhlutfall í íslenskum krónum verði áfram 30% út árið 2021, eftir það hækkar hlutfallið í 40% fram til 31. desember 2022 þegar 50% lágmarks lausafjárhlutfall tekur gildi. Lausafjárhlutfall annars vegar fyrir alla gjaldmiðla samtals og hins vegar fyrir erlenda gjaldmiðla samtals verða óbreytt í 100%.

Lenging aðlögunartíma lágmarks lausafjárhlutfalls í íslenskum krónum er í samræmi við yfirlýsingar Seðlabankans um að auðvelda aðgengi lánastofnana að lausu fé í krónum og nýta svigrúm reglna þar sem hægt er og við á. Í lausafjárreglum er að finna almenna kröfu um að lánastofnanir skuli að jafnaði stýra gjaldmiðlasamsetningu lausafjáreigna í samræmi við útlæði. Seðlabankinn telur þó æskilegt að lánastofnanir hafi meiri sveigjanleika til skamms tíma til að stýra gjaldmiðlasamsetningu lausafjáreigna m.t.t. lausafjástöðu í íslenskum krónum í ljósi þeirrar óvissu sem enn ríkir í efnahagslífinu vegna heimsfaraldurs kórónuveiru. Eins og fram hefur komið er hins vegar ekki dregið úr kröfum til lánastofnana um laust fé á móti skammtímaskuldbindingum fyrir alla gjaldmiðla samtals. Bankarnir hafa um þessar mundir sterk lausafjárhlutföll og rúma lausafjástöðu og hafa því getu til að styðja við hagkerfið á samdráttartímum með lánveitingum til fyrirtækja og heimila.

